

PAOLO GIANFRANCESCO  
Eldar heimalagað  
pasta með fyllingu  
• matur • helgin  
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



GARÐURINN  
Tjarnir, matjurtir og  
skemmtilegt borðskraut  
Sérblað um garðinn  
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SIGUR RÓS  
Hitar upp fyrir  
Dalai Lama  
Jónsi verður ekki með  
FÓLK 34



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. maí 2009 — 127. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR



### Reist með góðra manna hjálp

Líknar- og vinnufélagið Bergmál tekur í notkun nýtt hús fyrir langveika.

TÍMAMÓT 18

### Hryllir við áfengisskatti

Kormákur Geirharðsson hræðist aukna landaframléiðslu.

FÓLK 24



### Hvítasunnukeppni frestað

Engin spurningakeppni á Rás 2

FÓLK 34



### Stjarnan aftur á toppinn

Stjarnan skaust aftur í toppsæti Pepsi-deildarinnar í gær þegar leikin var heil umferð.



ÍPRÓTTIR  
30 & 31

## VEÐRIÐ Í DAG



VINDASAMT Í dag verða sunnan eða suðvestan 8-15 m/s, hvassast vestan til. Skúrir sunnanlands og vestan en bjart veður á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 8-16 stig.

VEÐUR 4

## SUMARÞJÓNUSTA



FRÉTTIR

Viðbótarsýning Frétta Stöðvar 2 og Íslands í dag kl. 21.00 alla virka daga á Stöð 2 Extra

# Stjórnvöld hækka skuldir heimilanna um milljarða

Með hækkun veltuskatta upp á tæpa fimm milljarða aukast skuldir heimilanna um allt að átta milljarða. Alþýðusambandið og stjórnarandstaðan harma skattahækkunirnar og segja þær bita sjálfa sig í skottið.

**STJÓRNMÁL** „Þetta fer beint út í verðlagið og hittir þar fyrir skuldug heimili,“ segir Ólafur Darri Andra-son, hagfræðingur Alþýðusambandsins. „Augljósustu óbeinu áhrif aðgerðar ríkisstjórnarinnar eru að verðbólga hækkar um hálf tölur og ég geri ráð fyrir að skuldir heimilanna hækki um sjö til átta milljarða króna.“

Frumvarp um breytingar á opinberum gjöldum á bensín, olíu, áfengi og tóbak var lagt fyrir alþingi um kvöldmatarleyti í gær og var enn til

meðferðar þegar blaðið fór í prentun og tólfta tímanum.

Í frumvarpinu var kveðið á um að álagning á hvern bensínlítra skyldi hækka um um tíu krónur og um fimm krónur á dísilolíulítrann. Fimmtán prósent hækking á áfengis- og tóbaksgjaldi var áformuð. Samtals skila skattahækkunirnar 4.4 milljörðum króna í ríkissjóð á ári. Tekjuaukinn nemur 2,7 milljörðum króna á þessu ári.

Verkalýðshreyfingin hefur ekki gagnrýnt stefnu stjórnvalda um að

fara blandaða leið skattahækkana og niðurskurðar til að loka 170 milljarða króna fjárlagagati. „En þetta er ekki heppileg leið til tekjuöflunar,“ segir Ólafur Darri og minnir á að kaupmáttur launa og ráðstöfunartekna hafi dregist mikið saman á undangengnum vikum og mánuðum. „Því hittir þetta okkur svo illa fyrir núna. Þetta er aðgerð sem Alþýðusambandið leggst gegn.“

Samhljómur var í viðbrögðum stjórnarandstöðunnar þegar málið var rætt á Alþingi í gærkvöldi.

Tryggvi Þór Herbertsson Sjálfstæðisflokkur, Eygló Harðardóttir Framsóknarflokkur og Þór Saari Borgarahreyfingunni hörmuðu skattahækkunirnar og vörðu við áhrifum þeirra. Hvöttu þau stjórnarliða til að greiða frumvarpinu ekki atkvæði sitt.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir hækkunirnar nauðsynlegar til að mæta miklum halla ríkissjóðs. Þær séu hinar fyrstu í aðgerðum stjórnarinnar í ríkisfjármálum. - sh, bps / sjá síðu 6



SAKLAUSIR Þessir kettlingar eru meðal þeirra fjölmörgu sem eiga allt sitt undir því að einhver vilji fá lítinn og loðinn ferfætlinginn á heimilið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Formaður Kattholts segir æ fleiri gefast upp á gæludýrahaldi vegna kostnaðar: Munaðarlausir kettlingar aldrei fleiri

**DÝRAHALD** „Hér hafa aldrei verið fleiri kettlingar, mér telst til að þeir séu milli 25 og 30 hjá okkur núna,“ segir Sigríður Heiðberg, formaður Kattholts.

Sigríður segir þrengingar í efnahagslífinu hafa leikið gæludýrin grátt. Dýrara sé en áður að halda gæludýr og því grípi gælu-

dýraeigendur jafnvel til þess óyndisúrræðis að bera út ungvíðið. Kettlingar hafi fundist víða og sumir gangi hreint til verks og skilji þá hreinlega eftir fyrir framan Kattholt.

Sigríður telur að fólk hafi ekki lengur efni á að fara með dýrin til dýralæknis til að láta taka þau úr

sambandi. Því komi óvenjumargir kettlingar í Kattholt um þessar mundir. „Kreppan er bara komin í Kattholt,“ segir Sigríður Heiðberg.

Örlög munaðarlausu kettlinganna í Kattholti ráðast af því hvort fyrir þá finnist góð heimili.

- fgg / sjá síðu 34


## Raðir mynduðust í ÁTVR: Áfengi hækkar ekki í verði í dag

**NEYTENDUR** Töluvert annríki var undir kvöld í þeim verslunum ÁTVR sem opnar eru lengst eftir að greint var frá frumvarpi um hækkanir á áfengisgjaldi í gær. Ekki var þó nein ástæða til að hamstra vínið enda mun áfengisverð ekki hækka í dag, að sögn Sigrúnar Óskar Sigurðardóttur, aðstoðarforstjóra ÁTVR.

Áfengisgjaldið leggst á innflutning birgja á áfengi, og hækkanirnar skila sér því ekki strax inn í verslanir. Öllu jafna taka verðhækkanir í ÁTVR gildi um mánaðamót en Sigrún getur ekki þó sagt til um það að svo stöddu hvenær koma mun til hækkananna vegna áfengisgjaldsins. Að öllu öðru óbreyttu mun fimmtán prósent hækking á áfengisgjaldi skila sér í sjö til ellefu prósent verðhækkun á áfengi. Hins vegar er ekki loka fyrir það skotið að birgjar hækki verðið meira vegna gengisþróunar.

Sigrún segir að þótt nokkuð hafi verið um raðir í verslunum hafi sala dagsins þó verið litlu meiri en á sama fimmtudegi í fyrra, sem þó var ekki fimmtudagur fyrir hvítasunnuhelgi. - sh

## Er von á gestum? Svefnsofndagar í júní



Betra BAK

Sjá nánar á www.betrabak.is

**SUBWAY** Party platti 4495 kr. fráþær veisla fyrir 8 - 12 manns



Hugmyndafundur í Borgarleikhúsinu föstudaginn 5. júní

Allir  
velkomnir.  
Aðgangur  
ókeypis!

# FRAMLEIÐUM HUGMYNDIR!



■ **Allir hafa eitthvað fram að færa. Hvert verður þitt hlutverk í framtíðinni?**

**N1 kynnir Start 09** - skemmtilegan hugmyndafund um nýjar leiðir og lausnir fyrir Ísland. Á Start 09 hittist hugmyndaríkt fólk, hlustar á áhugaverð erindi og myndar ný tengsl. Markmiðið er að hvetja frumkvöðla til dáða og auka sköpunargleði þjóðarinnar. Af litlum neista verður oft mikið bál!

■ **JEFF TAYLOR**  
stofnandi vinnumiðlunarinnar  
monster.com:

**My 12 Secrets of Running a Life  
and Living a Business**

■ **SALEM SAMHOUD**  
stofnandi ráðgjafafyrirtækisins  
& Samhoud í Hollandi:

**How to Build a Vision for a Nation  
- and a Great Place to Work**

■ **HERMANN GUÐMUNDSSON**  
forstjóri N1:  
**Hvað getum við lært af framtíðinni?**

**Fundarstjóri**

■ **GUÐJÓN MÁR GUÐJÓNSSON**  
Hugmyndaráðuneytismaður og  
frumkvöðull

Húsið opnar kl. 8:45. Dagskrá hefst  
kl. 9:15 og stendur til hádegis.

Kaffi og léttar veitingar í hléi.

Aðgangur er ókeypis en til að tryggja sér  
sæti þarf að skrá sig á [www.n1.is/start](http://www.n1.is/start).

**Start**09

**N1**

Borgaryfirvöld koma til móts við tónlistarskóla með 50 milljóna framlagi:

# Deila um tónlistarskóla leyst

**MENNTAMÁL** Borgaryfirvöld komu til móts við forsvarsmenn tónlistarskóla í Reykjavík á fundi í gær með því að bjóða fram 50 milljóna króna viðbótarframlag fram til haustsins frá því sem áður stóð til. Tónlistarskólum var gert að skera niður á þessu ári vegna efnahagsástandsins, en þegar tilkynnt var um 12 prósentu niðurskurðinn varð misskilningur þess valdandi að stjórnendur skólanna gerðu ekki ráð fyrir að niðurskurðurinn tæki gildi fyrr en næsta haust. Hann átti hins vegar að taka gildi þegar um áramót. Ekki var gert ráð fyrir því í áætlunum tónlistarskólanna, sem setti þá í mikinn rekstrarvanda.

Deilan snerist um 73 milljónir sem bar í milli. Borgaryfirvöld hafa nú ákveðið að koma til móts við skólana með 50 milljóna króna framlagi. Enn þurfa skólarnir sem sagt að skera niður um 23 milljónir fram til haustsins. Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs, segir andann á fundinum í gær hafa verið góðan. „Ég kom með hugmynd að lausn og það var tekið vel í hana,“ segir hann. Hann er bjartsýnn á að málinu sé þar með lokið í bili af hálfu borgaryfirvalda. „Þetta er skárra en það sem við stóðum frammi fyrir fyrir mánuði,“ segir Sigurður Sævarsson, formaður Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík. Hann býst við því að málinu ljúki með þessum hætti þótt það sé blöðugt fyrir tónlistarkennara að þurfa að taka á sig þessa kjaraskerðingu.



**KJARTAN MAGNÚSSON** **SIGURÐUR SÆVARSSON**

formaður Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík. Hann býst við því að málinu ljúki með þessum hætti þótt það sé blöðugt fyrir tónlistarkennara að þurfa að taka á sig þessa kjaraskerðingu.

Íslenskt félag í eigu Frakka:

# Með yfirtöku-tilboð í Alfesca

**VIÐSKIPTI** Lur Berri Iceland, einkahlutafélag í eigu franska félagsins Lur Berri Holding SAS, mun gera hluthöfum Alfesca tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu. Þetta kom fram í tilkynningu frá félaginu í gær. Tólf prósent hluthafa þegar samþykkt tilboðið. Ólafur Ólafsson, oft kenndur við Samskip, er einn stærsti eigandi Alfesca. Í tilkynningunni segir að í gær hafi Lur Berri Holding, Kjalar, sem einnig er í eigu Ólafs, Singer & Friedlander og nokkrir stjórnendur Alfesca gert með sér samninga um stjórn og rekstur Alfesca.

GJALDMIÐLAR		KAUP SALA
	Bandaríkjadalur	126,04 126,64
	Sterlingspund	201,22 202,2
	Evra	174,99 175,97
	Dönsk króna	23,504 23,642
	Norsk króna	19,471 19,585
	Sænsk króna	16,211 16,305
	Japanskt jen	1,2989 1,3065
SDR		193,4 194,56

GENGISVÍSITALA KRÓUNUNNAR  
213,7485  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**KYNNTU DAGSKRÁNA** Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra og Philippe Bollat af fastaskrifstofu Evrópuráðsins kynna dagskrá fundarins á Hótel Nordica í gær.

# Efnahagsþrengingar ógna mannréttindum

Mannréttindabrotum fjölga í efnahagsþrengingunum og á sama tíma hljóta þau minni athygli. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Amnesty International.

**MANNRETTINDI** Hætta er á að pólitískt ofbeldi og kúgun ágerist og dafni í efnahagsþrengingunum sem nú ganga yfir heimsbyggðina. Niðursveiflan fjölga bæði mannréttindabrotum og dregur frá þeim athyglina. Þetta er meðal þess sem fram kemur í árskýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International sem kynnt var í gær.



**JÓHANNA K. EYJÓLFSSDÓTTIR**

Í skýrslunni er greint frá mannréttindabrotum í 157 löndum og þá fylgir henni samantekt þar sem grein er gerð fyrir ástandi mannréttinda í öllum heimsálfum. Fullyrt er í skýrslunni að heimurinn sitji á félagslegri, pólitískri og efnahagslegri tímasprengju með sæki orku sína til vaxandi mannréttindakreppu.



**GVANTANAMO-FANGELSI** Amnesty International fagnar þeirri ákvörðun Barack Obama Bandaríkjaforseta að láta loka Gvantanamo-búðunum og hafna pyntingum. Í nýrri ársskýrslu Amnesty kemur fram að niðursveiflan í heiminum verði til þess að mannréttindabrotum fjölgi.

landið sem beitt er gegn óbreyttum borgurum. Þá séu viðbrögð við hræðilegum fórnarkostnaði í mannlífum, meðal annars á Gasa, í Darfur í Súdan og á Srí Lanka, hneykslanleg.

herferð sem ber heitið „Krefjumst virðingar“ og beinist gegn þeim mannréttindabrotum sem búa að baki fátækt og auka hana.

Amnesty fagnar ákvörðun Obama Bandaríkjaforseta um að loka Gvantanamo-fangabúðunum á Kúbu og hafna pyntingum, en samtökin hvetja hann jafnframt til að tryggja að þeir sem bera ábyrgð verði sóttir til saka.

„Umræðan um fátækt hefur ekki snúist um virðingu, heldur ölmusu, og þessu viljum við breyta,“ segir Jóhanna.

Vegna þess hversu mikilla breytinga er þörf hefur Amnesty ákveðið að hleypa af stokkunum nýrri

Fyrsta krafa samtakanna í herferðinni beinist að Bandaríkjunum, sem ekki viðurkenna efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, og Kína, sem ekki viðurkennir borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi.

# Ráðherra fundur Evrópuráðs: Stefna mörkuð í nýmiðlun

**UTANRÍKISMÁL** Ráðherra fundur Evrópuráðsins um fjölmiðlun og nýmiðla hófst í Reykjavík í gær. Ráðherrar allra 47 aðildarríkja ráðsins eða fulltrúar þeirra sitja fundinn ásamt fulltrúum alþjóðlegra hagsmunasamtaka. Til umræðu er hvornig fjölmiðlar hafa breyst með tilkomu nýrra miðla á borð við blogg, samskiptavefi og netveitur. Sérstaklega er litið til áhrifa nýmiðla á tjáningarfrelsi og persónuvernd. Á fundinum á að marka stefnu Evrópuráðsins á þessu sviði til næstu fimm ára, en slík stefnumörkun hefur reynt vera leiðbeinandi fyrir lagasetningu í Evrópuríkjum og víðar. Fundinum lýkur í dag.

# LEIÐRÉTTING

**Gunnhildur ekki Gun Hill** Að sögn hjónanna Sigrúnar Asplund, bæjarfulltrúa í Garðabæ, og Hrafnkels Helgasonar, fyrrverandi yfirlæknis á Víflsstaðaspítala, er það ekki rétt sem kom fram í Fréttablaðinu í gær að fellið sunnan við Víflsstaðavatn heiti Gunnhildur. Það heiti Víflsstaðahlíð. Gunnhildur sé hins vegar heiti vörðu ofan á Víflsstaðahlíð og að ekki sé rétt að sú nafngift sé tengd hernámi Breta sem sagðir eru hafa nefnt Víflsstaðahlíð Gun Hill vegna skotvirkis ofan á fellingunni. Varðan hafi fengið Gunnhildar-nafnið löngu fyrir komu herliðs Breta.

**Ársreikningar – Rekstrarframtöl Bókhaldsþjónusta**

Getum enn bætt við okkur framtölum og fyrirtækjum í bókhaldsþjónustu. Lokadagur á skilum Rekstrarframtala er 31. maí nk, getum sótt um viðbótarfrest fyrir lögðila.

fagbókun & ráðgjöf

**www.fagbokun.is**

Síðumúla 29 • Reykjavík • 561-3000

**VEÐURSPÁ**

**Sigurður P. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**HVÍTASUNNUHELGIN** Fyrsta stóra ferðahelgin er fram undan. Ekki er hægt að segja að einhver einn staður verði áberandi bestur um helgina heilt yfir. Samt má þó segja að Norðaustur- og Austurlandið verði hlýjast og þurrast þótt þar kunni reyndar að skúra á morgun og mánudag. Á vesturhluta landsins eru úrkomulíkur nokkrar. Hins vegar verður vindur hægur og það er aðalatriðið.

Á MORGUN 5-10 m/s  
SUNNUDAGUR 3-8 m/s

**HEIMURINN**

Alicante	23°
Amsterdam	18°
Basel	11°
Berlin	17°
Billund	20°
Eindhoven	20°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	18°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	23°
London	24°
New York	22°
Orlando	29°
Osló	20°
Paris	22°
Róm	28°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig er í °C.  
Gildistími korta er um hádeggi.

# TAX FREE! TAX FREE!



**TAX FREE!**  
**ÖLL**  
**BÚSÁHÖLD**

Matarstell, glös & bollar, eldhúsahöld,  
pottar & pönnur, bökunarvara & fleira

Gildir einnig  
af búshöldum í  
**EGG**  
Skútuvogi

Að sjálfsögðu stendur  
Húsasmiðjan skil á  
virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



**TAX FREE!**  
**ÖLL**  
**REIÐHJÓL**

Gildir í verslunum  
Húsasmiðjunnar um land allt.  
Munið opið til 21:00 í Skútuvogi



x



Frábær saman

KJÖRKASSINN



Óttast þú aukid ofbeldi í tengslum við innbrot og rán á höfuðborgarsvæðinu?

Já 88%  
Nei 12%

SPURNING DAGSINS Í DAG  
Horfðir þú á úrslitaleik Meistaradeildarinnar í knattspyrnu?  
Segðu skoðun þína á visir.is.



# Tengdadóttir Jónínu Bjartmarz og unnusti hennar tapa máli gegn Kastljósi: Kastljós sýknað í Hæstarétti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur sýknað starfsmenn Kastljóss af miskabótakröfu Luciu Celeste Molina Sierra, tengdadóttur Jónínu Bjartmarz fyrrverandi ráðherra, og unnusta hennar, Birnis Orra Péturssonar. Þau kröfðust samtals þriggja og hálfir milljónar króna vegna umfjöllunar Kastljóss um veitingu ríkisborgararéttar Luciu.

Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu, eins og héraðsdómur hafði áður gert, að fjölmiðlar verði að hafa svigrúm til að fjalla um málefni sem eigi erindi við almenning og einstaklingar þurfi „að nokkru marki að þola að persónuleg málefni, er þá varða, komi



JÓNÍNA Í KASTLJÓSI Jónína Bjartmarz sat fyrir svörum hjá Helga Seljan vegna málsins.

í slíkum tilvikum til almennrar umfjöllunar“.

Í dómnum eru vinnubrögð Kastljóss hins vegar gagnrýnd harkalega, umfjöllunin öll sögð full af rangfærslum og að viðleitni Kastljóssmanna til að sýna fram á að

afgreiðsla ríkisborgararéttarins hafi verið óeðlileg hafi borið ofurliði vilja þeirra til að fara rétt með staðreyndir, leiðréttta rangfærslur og gera viðhlítandi grein fyrir lagagrundvelli málsins. Starfsfólkið „hafi í ýmsum atriðum brotið þær skyldur sem á þeim hvíla í starfi“ og ekki sýnt Luciu og Birni Orra næga tillitssemi.

Dórhallur Gunnarsson, ritstjóri Kastljóss, segist fagna niðurstöðu dómsins og segir hana mikilvæga fyrir íslenska fjölmiðlun. Hann er hins vegar ekki sammála gagnrýninni sem dómurinn beini að honum og starfsfólki hans. Hún sé ekki öll á rökum reist.

## Fyrrverandi stjórnarmenn: Krefjast félagsfundar í VR

**KJARAMÁL** Fyrrverandi stjórnarmenn í VR hafa safnað 249 undirskriftum við beiðni um að haldinn verði félagsfundur. Samkvæmt lögum þarf að halda slíkan fund ef 200 félagsmenn krefjast þess og er þetta í fyrsta sinn sem þeim lögum er beitt.

Stjórnarmennirnir fyrrverandi eru óánægðir með vinnubrögð nýju stjórnarinnar og hyggjast á fundinum spyrja um stöðu kjarasamninga, samstarf við ASÍ, jafnréttisstefnu félagsins og hvort félagið hyggst áfram vera hlutlaust eins og verið hefur eða hvort það ætlar að verða pólitískt.

MIÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Í vinnuna



Á JÖKULSÁRLÓNI Forsvarsmenn fyrirtækja í ferðaþjónustu óttast áhrif hækkunar á neyslusköttum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Alþingi samþykkir hærri neysluskatta

Samtök ferðaþjónustunnar óttast að hækkun stjórnvalda á neyslusköttum muni koma illa við fyrirtæki í ferðaþjónustu. Frekar ætti að auka tekjur með markaðsátaki erlendis. Talsmaður neytenda óttast áhrif hækkana á verðtrygð lán.

**EFNAHAGSMÁL** „Það er mjög slæmt að fá skattahækkunir inn í íslenskt atvinnulíf í dag,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar. Hún óttast að hækkun neysluskatta muni hafa slæm áhrif á fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Alþingi fjallaði í gærkvöld um frumvarp fjármálaráðherra um breytingu á neyslusköttum. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að tekjur ríkisins aukist um 4,4 milljarða á ári, eða 2,7 milljarða það sem eftir er af þessu ári.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir að einhverntíma taki að hækka verð á áfengi og tóbaki. Hækkunin taki því ekki gildi í dag. Fimmtán prósent hækkun á áfengisgjaldi þýðir, að sögn Sigrúnar, að verð á léttvíni mun hækka um ríflega sjö prósent og verð á bjór um litlu minna.

Vínflaska sem kostar 2.000 krónur hækkar því í 2.140 krónur og bjórkippa sem kostar 1.600 krónur hækkar í 1.712 krónur.

Erna Hauksdóttir segir hækkunir á neyslusköttum beinar skattahækkunir fyrir fyrirtækin í landinu. Rekstur fyrirtækja sem geri út bíla sé þegar afar erfiður þó að hækkun á álögum ríkisins á eldsneytisverð bætist ekki við.

Þá mun hækkun áfengisgjalds gera heimsmet Íslands í áfengisgjöldum þeim mun meira afgerandi, segir Erna. Hún óttast að hækkandi skattheimta skili sér í minnkandi eftirspurn. Ríkið eigi frekar að beita sér fyrir því að auka eftirspurnina, til dæmis með því að fara í markaðsátak til að fjölga erlendum ferðamönnum.

„Slíkt markaðsátak er einhver besta fjárfesting ríkisins til að örva neysluna,“ segir Erna. Hætt

sé við því að skattahækkunir dragi úr neyslu, þegar markmiðið ætti að vera að auka hana. Þekkt séu dæmi um að tekjur ríkisins hafi aukist við lækkun skatta, og dragist saman við skattahækkunir.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segist ekki taka afstöðu til skattamála nema þegar þau raski frjálsum viðskiptum, neytendum í óhag.

„Í þessu tilvikum má helst nefna að óheppilegt er ef slíkir skattar til tekjuöflunar fyrir ríkið hafa óhagstæð áhrif á þróun verðtryggðra lána,“ segir Gísli.

„Ég hef efast um réttmæti verðtryggingarinnar lengi, og það er mjög öfugsnið ef nauðsynleg tekjuöflun ríkisins veldur hækkun á lánunum sem eru löngu tekin, en það er auðvitað hið slæma eðli verðtryggingar.“

brjann@frettabladid.is  
kolbeinn@frettabladid.is

PHILIPS  
Hleðslutæki með innbyggðri rafhlöðu

Hleður síma, iPod og myndavélar

- Rafhlaðan endist í allt að 15 tíma. Hentar vel í útileguna, sumarbústaðinn og í ferðalagið. Þú stingur símanum eða iPod í samband við Power2Charge og hleður af rafhlöðunni
- 6 millistykki fyrir t.d. síma, iPod, myndavélar og önnur 5V tæki
- Snúran er í litlu handhægu kefli
- Millistykki geymd í gúmmíbandi
- Ferðapoki

Gjaldahækkunir færa ríkissjóði 2,7 milljarða króna í tekjur það sem eftir lifir árs:

## Nauðsynlegar ráðstafanir

**ALÞINGI** „Sé ekki gripið til viðeigandi ráðstafana þegar á þessu ári verður halli ríkissjóðs á árinu 2009 meiri en áætlað var og meiri en viðunandi getur talist,“ segir í athugasemdum með frumvarpi fjármálaráðherra um hækkunir á gjöldum á eldsneyti, bílum, áfengi og tóbaki.

Lagabreytingarnar, sem ríkisstjórnarflokkarnir samþykktu í gær, færa ríkissjóði 4,4 milljarða króna á ársgrundvelli – 2,7 milljarða króna það sem eftir er af árinu.

Á móti hækkun bensín- og oljugjaldi lækkar kílómetragjald



en með því móti er ætlunin að draga úr áhrifum breytinganna á flutningskostnað og þar með vöruverð. Oljugjald hækkar um 5 krónur og bensíngjald um 10 krónur en þannig vonast stjórn-

### 4,4 MILLJARÐAR Á ÁRI

Áhrif breytinganna á tekjur ríkissjóðs

Bensíngjald	1.970 milljónir
Áfengisgjald	1.100 milljónir
Oljugjald	690 milljónir
Tóbaksgjald	620 milljónir
Bifreiðagjald	520 milljónir
Kílómetragjald	-490 milljónir

völd til að ýta undir frekari dísilvæðingu fólksbílaflotans eins og ráðgert var með lagabreytingum 2004. Verð á dísilolíu hefur verið hærri en á bensíni undangengin á.

- bps



úr  
kjötbörði

Svínalundir

**1.498,kr./kg.**

ÁÐUR 1.798,kr./kg.



úr  
kjötbörði

Lambaprime

**1.898,kr./kg.**

ÁÐUR 2.298,kr./kg.



Lambahryggur frosinn

**1.254,kr./kg**

ÁÐUR 1.568,kr./kg



Nautapiparsteik

**2.498,kr./kg**

ÁÐUR 2.995,kr./kg

úr  
kjötbörði



Lambalæri frosið

**1.150,kr./kg**

ÁÐUR 1.437,kr./kg



Nautagúllas

**1.498,kr./kg**

ÁÐUR 1.878,kr./kg

úr  
kjötbörði



Ofnsteiktur kjúklingur

**748,kr.**

ÁÐUR 890,kr.



Móa Tex Mex læri/leggir

**582,kr./kg**

ÁÐUR 831,kr./kg



FK Bayonne skinka

**1.175,kr./kg**



Hamborgarar 4x80g

**396,kr./pk.**

ÁÐUR 548,kr./pk.



Ísfugl kjúklingabringur

**1.959,kr./kg**

ÁÐUR 2.798,kr./kg

*þegar mikið  
stendur til*

Tilboð gilda til laugardagsins 30. maí  
Lokað mánud. 2. júní - Annar í hvítasunnu

Opíð mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

**FK**  
FJARÐARKAUP

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu margar milljónir borgaði Kópavogsbær fyrirtæki bæjarstjórnars frá 1997 til 2001?
2. Í hvaða gosdrykk hafa Þjóðverjar fundið kókaín?
3. Hvaða þingmaður VG krefst þess að staðið verði við stjórnarsáttmálann og auglýst eftir bankastjórum?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34

Borgaryfirvöld skoða breytingar í miðbænum í samvinnu við kaupmenn:

## Laugavegi lokað í góðu veðri

**REYKJAVÍK** Til íhugunar er að loka hluta Laugavegs fyrir bílaumferð á góðviðrisdögum í sumar. Dofri Hermannsson, fulltrúi Samfylkingar í umhverfis- og samgönguráði, lagði fram tillögu þess efnis á fundi ráðsins á þriðjudag.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður ráðsins, segir málið í skoðun á milli funda. Rætt hafi verið við kaupmenn við götuna og þeir séu jákvæðir. Öll útfærsla sé þó eftir, hvar verði lokað og hvenær, og það þurfi að útfæra með kaupmönnum.

Dofri vísar til reynslunnar af Pósthússtræti, en því hefur verið lokað á góðviðrisdögum. Dofri



**VILL SAMRÁÐ** Gunnar segist ekki frábittinn því að Laugavegi sé lokað á góðviðrisdögum, en undrast lítið samráð við kaupmenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leggur jafnframt til að komið sé upp „góðviðrisstræti“ sem gangi eftir Hverfisgötu. Þannig væri

komið til móts við þá sem eru gangandi. Gunnar Guðjónsson, eigandi Gleraugnamíðstöðvarinnar við Laugaveg, undrast að ekki hafi verið haft meira samráð við kaupmenn áður en tillagan var lögð fram í ráðinu.

„Við erum ekki endilega á móti þessu, en það er fátíðlegt að leggja þetta fram án þess að ræða við hagsmunaaðila í götunni.“

Gunnar segir það geta verið vandkvæðum bundið að vita ekki hvenær götunni verði lokað. Hann minnr á að kaupmenn hafi lokað götunni í tengslum við langa laugardaga og jafnvel boðið upp á skemmtiatriði.

- kóp

Alþjóðastofnun fær styrk:

## Munu rannsaka innhöf Evrópu

**RANNSÓKNIR** Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands hefur hlotið 200 þúsund evra rannsóknarstyrk – eða sem nemur um 35 milljónum króna – úr 7. rammaáætlun Evrópusambandsins. Styrkinn hlýtur stofnunin vegna þátttöku sinnar í verkefninu EU4SEAS, sem alls hlaut vilyrði fyrir 1,2 milljóna evra styrk.

EU4SEAS er fjölþjóðlegt rannsóknarverkefni, þar sem skoðuð verða áhrif ESB á milliríkjasamstarf umhverfis fjögur innhöf Evrópu – Eystrasalt, Kaspiahaf, Miðjarðarhaf og Svartahaf. Verkefnið mun standa yfir yfir næstu þrjú árin.

- shá

**THULE** SWEDEN **Ferðabox**

Pacific 100  
139 x 90 x 39 cm  
370 L  
43.900,-

**Stilling**

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

**Njóttu sumarsins**

**Lóritín®**  
– Kröftugt ofnæmislyf

Notkun: Lóritín er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmskvefs og langvarandi ofsakláða af óþekktum toga. Skammtur: Fullorðnir og börn (>12 ára): 1 tafla á dag. Börn 2-12 ára (<30 kg): ½ tafla (5 mg) á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2 ára. Töfluna má taka hvenær sem er, án tillits til matmálstíma. Hefja ætti meðferð hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi með minni skammti. Frábendingar: Ofnæmi fyrir virka efni eða hjálparefnum. Varúðarreglur: Gæta skal varúðar ef Lóritín er gefið sjúklingum með miklu skerta lifrarstarfsemi. Lyfið inniheldur laktósa. Langvarandi notkun getur leitt til aukinnar hættu á tannskemmdum vegna munþurrks. Notkun Lóritíns á meðgöngu og við brjóstgjöf er ekki ráðlögð nema í samráði við lækni. Í einstaka tilfellum finnur fólk fyrir syfju sem getur haft áhrif á hæfni þeirra til aksturs eða notkunar véla. Aukaverkanir: Lóritín þolast almennt vel en algengustu aukaverkanirnar hjá börnum á aldrinum 2-12 ára eru höfuðverkur, taugaveiktun og þreyta. Algengustu aukaverkanirnar hjá 12 ára og eldri eru svefnhöfði, höfuðverkur, aukin matarlyst og svefnleysi. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Desember 2005.

**actavis**  
hagur í heilsu

**THULE** SWEDEN **Hjólafestingar**

**Stilling**

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

## Bandaríski bílarisinn GM endar í ríkiseigu

Samkvæmt því sem lekið hefur út um drög að samkomulagi milli bandaríska fjármálaráðuneytisins og helstu lánardrottna bílarisans GM stefnir í að ríkið eignist yfir 70 prósent í endurreistu fyrirtæki eftir hraðgjaldprot. Óljóst um örlög Opel.

**EFNAHAGSMÁL** Um helgina rennur út frestur sem stjórnendur General Motors – sem lengi var stærsti bílaframleiðandi heims – hafa til að semja við lánardrottna sína til að afstýra gjaldproti. Þær viðræður sem átt hafa sér stað um málið þessa vikuna hafa bara snúist um aðferðafræðina við að keyra „gamla GM“ í gegnum gjaldprot svo að sem fyrst verði hægt að fela endurreistu fyrirtæki án sligandi skuldaklafa að halda „straumlínu-löguðum“ rekstri áfram.

Samkvæmt því sem frétt hafði í gær um gang viðræðanna er hópur stærstu lánardrottna GM, sem eiga um fimm tung ótryggðra heildarskulda samsteyppunnar, nú jákvæðari fyrir áformum stjórnvalda um að keyra GM í gegnum hraðgjaldprot, gegn því að lánardrottinnar fái stærri hlut í hinu endurreista fyrirtæki en þeim hafði áður verið boðið.

Samkvæmt því tilboði sem þeim var gert fyrir í vikunni áttu þeir að fá tíu prósent hlutfjár í nýja fyrirtækinu gegn því að afskrifa kröfur sínar. Því tilboði var hafnað. Samkvæmt nýja tilboðinu er áætlunin sú að ríkið eigi 72,5 prósent hlutfjár í endurreistu GM, eftirlaunastjóður starfsmanna 17,5 prósent og aðrir kröfuhafar 10 prósent. Þeim síðastnefndu mun jafnframt standa til boða að kaupa 15 prósent hlutfjár til viðbótar (af ríkinu) á niðursettu verði.

Áformin gera ráð fyrir að í hinu endurreista GM verði aðeins arðbærustu einingar fyrirtækisins en þær sem standa síð undir sér verða skildar eftir í því gamla.



Í FANG RÍKISINS Heimsendastemning ríkir í hinum stoltu höfuðstöðvum GM í Detroit.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þær eignir verði í gegnum gjaldprottaferlið nýttar til að greiða almennum kröfuhöfum. Þetta er hlíðstætt ferli og ákveðið var fyrir Chrysler fyrir mánuði.

AP-fréttastofan hafði eftir heimildarmanni sem komið hefur að viðræðunum í Detroit að til standi að loka fjórtán verksmiðjum, en með þeim tapast um 21.000 störf.

Enn er óljóst hvað verður um Evrópuþeild GM, en uppistaða hennar eru Opel-verksmiðjurnar í Þýskalandi. Nokkrir aðilar hafa sýnt áhuga á að taka reksturinn yfir, en þau áform eru öll háð því að stjórnvöld í Þýskalandi (og öðrum löndum Evrópu þar sem GM er með umsvif) gangist í ábyrgð-

ir fyrir fjármögnun yfirtöknunar, gegn því að heita því að skera ekki niður fleiri störf en ýtrasta nauðsyn krefur.

Viðræður fóru fram milli málsaðila í Berlín í fyrradag. Fundurinn teygðist fram á nótt en endaði án niðurstöðu, að sögn vegna þess að það var ekki fyrir en á honum stóð að upp úr dýrnum kom að Opel þarf á 300 milljónum evra meira til að geta staðið við skammtímaskuldbindingar sínar en hingað til var talið. Í dag, föstudag, á að ræða möguleikana á lausn á sérboðum bráðafundi ráðherra frá þeim Evrópusambandslöndum þar sem mörg GM-störf eru í húfi.

audunn@frettabladid.is

## Tími rannsóknarnefndar Alþingis sem rannsakar aðdraganda hrunsins hálfnaður: Rannsóknin tíu mánaða spretthlaup

**EFNAHAGSMÁL** Þeir tíu mánuðir sem rannsóknarnefnd Alþingis fékk til að ljúka rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna eru hálfnaðir. Formaður nefndarinnar segir vinnuna minna á tíu mánaða spretthlaup.

Ekkert bendir til annars en að niðurstöður nefndarinnar verði tilbúnar í byrjun nóvember eins og lagt var upp með, og engar óvæntar tafir hafa orðið á starfinu að sögn Páls Hreinssonar, formanns rannsóknarnefndarinnar.

„Það hefur gengið mjög vel að safna gögnum, allir hafa verið mjög hjálplegir við að greiða götu okkar að þeim upplýsingum sem við höfum þurft,“ segir Páll.

Ekkert fæst gefið upp um það sem upp hefur komið í starfi nefndarinnar hingað til. Í rannsóknarskýrslu sem gefin verður út í haust verður ýtarleg lýsing á atburðarásinni hjá stjórnvöldum og bönkunum í aðdraganda hrunsins. Þar verða einnig hagfræðilegar ályktanir um orsakir fyrir bankahruninu.

Alls starfa ríflega tuttugu manns að rannsókninni, og verður þeim heldur fjölgað í sumar, segir Páll. Þá munu erlendir sérfræðingar einnig koma



**RANNSÓKNARNEFND** Erlendir sérfræðingar munu fara yfir niðurstöður rannsóknar á bankahruninu í sumar, segir Páll Hreinsson, formaður rannsóknarnefndar Alþingis (fyrir miðju).

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

til landsins í þrjú mánuði til að fara yfir niðurstöðurnar.

Ekki stendur til að gera hlé á störfum nefndarinnar í sumar, segir Páll. „Mönnum verður boðið að taka sumarfrí um jólin, eins og það er nú gaman. Þetta er bara tíu mánaða spretthlaup.“

- bj



# HVÍTASUNNUTILBOÐ

## taktu DVD mynd með í fríð!

NÝTT



4.299.-

KLOVN sería 3 með íslenskum texta

NÝTT



4.299.-

KLOVN sería 4 með íslenskum texta



2.299.-  
Verð áður 2.699.-



2.099.-  
Verð áður 2.699.-



NÝTT

2.799.-



NÝTT

2.799.-



NÝTT

2.799.-



2.099.-  
Verð áður 2.799.-



1.899.-  
Verð áður 2.899.-



2.099.-  
Verð áður 2.699.-



2.099.-  
Verð áður 2.499.-



1.899.-  
Verð áður 2.799.-



1.899.-  
Verð áður 2.899.-



2.099.-  
Verð áður 2.899.-



2.099.-  
Verð áður 2.699.-



1.899.-  
Verð áður 2.699.-



2.299.-  
Verð áður 2.699.-

Allt úrvalið er fánlegt í Smáralind minna úrval í öðrum verslunum.

Gildir til og með 1. júní meðan birgðir endast.



**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

Magnús Eiríksson gefur lag og varagloss seld í átaki fyrir krabbameinssjúk börn:

# Mikil þörf fyrir hvíldarheimili

**FÉLAGSMÁL** Átak til styrktar hvíldarheimili Styrktarfélagssjúkra barna hófst í gær. Nefnist það Á allra vörum og byggir á sölu á varaglossum.

Ad því er kemur fram í tilkynningu greinast árlega að meðaltali tíu til tólf börn undir átján ára með krabbamein. „Mikil þörf er á hvíldarheimili fyrir fjölskyldur krabbameinssjúkra barna,“ segir í tilkynningu forsvarskvæna átakins.

Tónlistarmaðurinn Magnús Eiríksson gefur áttáttu lagið Von af nýjum geisladiski Mannakorna. „Segir textinn allt sem segja þarf, því vonin er oft það eina sem fólk á sem berst við erfið veikindi eins og krabbamein,“ segir um framlag Magnúsar.

Varaglossin verða seld um borð í vélum Iceland Express í júní og júlí og til 14. júní í Hagkaupum, Lyfjum og heilsu, Hygea og öðrum söluadílum Dior.



**ÁTAK HAFIÐ** Vel var mætt við upphaf átakins Á allra vörum í Barnaspítala hringins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umboðsali snyrtivöruframleiðandans hér á landi, Heildverslun Halldórs Jónssonar, er einmitt aðalstyrktaraðili átakins ásamt Iceland Express. - gar

# Heilsa á hagstæðu verði

Nýjasta heilsuverslun Reykjavíkur hefur opnað að Suðurlandsbraut 22, við hliðina á Lyfjaveri.

Verslunin býður upp á fjölbreytt úrval af heilsuþótarvörum og sælkerafæði, lífrænt ræktað korn, vítamín og fæðubótarefni.

Komdu í heimsókn og kynntu þér spennandi opnunartilboð á frábærum vörum!

Í tilefni af opnun verslunarinnar bjóðum við ókeypis næringarráðgjöf 16–18 alla daga í þessari viku. Pantaðu tíma í síma 533 6130.

www.heilsuver.is

# Þúsund störf í púkkið

Reykjavíkurborg tekur fimm milljarða lán hjá lífeyrissjóðum til ýmissa framkvæmda. Formaður borgarráðs segir lánið á góðum kjörum miðað við aðstæður.

**REYKJAVÍKURBORG** „Við þessar aðstæður teljum við að þetta séu mjög góð kjör,“ segir Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, um væntanlega fimm milljarða króna lántöku Reykjavíkurborgar hjá lífeyrissjóðum. Um er að ræða verðtryggt skuldabréf með 4,4 prósentavöxtum til 45 ára.

Lánsféð er ætlað til ýmissa framkvæmda í borginni og var ráð fyrir því gert í fjárhagsáætlun þessa árs. Óskar segir að auk þess sem lánskörin séu hagstæð fái borgin framkvæmdirnar sjálfar á lægra verði en áður hafi verið.

„Þetta er mjög mikilvægt. Það verða til 650 störf auk þess sem um 350 störf eru vegna viðhaldsverkefna sem við fjármögnum með öðrum hætti. Því má segja að Reykjavíkurborg sé að leggja eitt þúsund störf í púkkið, fyrir utan sumarstörf og vinnuskóla.“

Meðal stórra framkvæmda nefnir Óskar uppbyggingu Sæunnarskóla og Norðlingaskóla í Grafarholti. Í

þá fara annars vegar 400 milljónir króna og hins vegar 300 milljónir. Þá fara 100 milljónir í leikskóla í Úlfarsárdal sem ákveðið hefur verið að þjóni einnig sem grunnskóli. „Fólk í Úlfarsárdal hefur haft áhyggjur af að ekki eigi að fara í neina þjónustuuppbyggingu þar,“ segir Óskar.

Af öðrum stórum verkefnum má nefna að 500 milljónir fara í uppbyggingu á reitnum við Lækjartorg þar sem hús eyðilögðust í eldsvoða í apríl 2007. Hundrað milljónir fara í að standsetja húsin á Laugavegi 4 og 6. Í endurbætur á Tjarnarblóti fara 175 milljónir.

Þá má nefna að 315 milljónir verða notaðar í framkvæmdir við 110 rýma hjúkrunarheimili á Suðurlandsbraut 66 og 100 milljónir í skólalás í Kleifarseli 18. Í gervi-grasvöll Víkinga í Stjórngróf fara 75 milljónir, 60 milljónir í endurnýjun grasvallar hjá Prótti í Laugardal og 45 milljónir í félagshús Leiknis í Breiðholti.

gar@frettabladid.is

## FRAMKVÆMDIR Í REYKJAVÍK 2009

### Gatnaframkvæmdir

Verkefni	milljónir króna
Þjóðvegir	570
Nýbyggingarhverfi	794
Endurnýjun í miðborg	110
Umhverfi og aðgengi	269
Umferðaröryggi	13
Ýmsar gatnaframkvæmdir	411
<b>Samtals</b>	<b>2.167</b>

### Byggingarframkvæmdir

Verkefni	milljónir króna
Menntasvið	1.318
Leikskólasvið	218
Menningar- og ferðasvið	176
Íþróttar- og tólmundasvið	290
Velferðarsvið	356
Ýmsar fasteignir	150
Laugavegur 4-6	100
Brunareitur Lækjartorg	500
Hugbúnaður	60
Endurbætur og viðhald	300
<b>Samtals</b>	<b>3.468</b>

### Alls stofnframkvæmdir

<b>Samtals</b>	<b>5.536</b>
----------------	--------------



## Þér er boðið...

Erum að selja lagerinn frá Habitat á hreint frábæru verði. Ekki missa af þessu.

Erum í Klettagöðum 6  
104 Reykjavík

Opið föstudag kl 12-18  
Lokadagur



habitat®



Heilsuver

Heilsuver er opið virka daga 8:30–18 og 10–14 á laugardögum

**KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]**

Fjöldi viðskipta: 25 **Velta:** 16 milljónir  
**OMX ÍSLAND 15** **OMX ÍSLAND 6**  
 260 **+0,02%** 705 **+0,07%**

**MESTA HÆKKUN** **MESTA LÆKKUN**  
 ↑ **BAKKAVÖR** 23,53% ↓ **FØROYA BANKI** 0,83%  
**MAREL FOOD SYST.** 0,16% **ÖSSUR** 0,48%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,40 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,26 +23,53% ... Eik Banki 89,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,00 -0,83% ... Icelandair Group 4,50 +0,00% ... Marel Food Systems 61,40 +0,16% ... Össur 103,00 -0,48%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN [nánari á visir.is](http://nánari.visir.is)

**Kauphallarbrotum fjölga stórlega**

„Erfiðleikar gefa ekki afslátt á reglum,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, sem í gær áminnti Eglu, Existu, Landic Property, Nýsi og Stoðir opinberlega og sektaði öll nema eitt um 1,5 milljónir króna þar sem þau hafa ekki birt ársreikninga sína innan tímamarka fyrir lok apríl. Egla er sektuð um eina milljón króna.



**ÞÓRÐUR FRÍÐJÓNSSON** Forstjóri Kauphallarinnar segir mikilvægt að fyrirtæki birti ársreikninga. Greiðsluferfiðleikar gefi engan afslátt á reglum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjármálaeftirlitið mun skoða hvort fyrirtækin hafi brotið lög, að sögn Þórðar, sem áréttar mikilvægi þess að fyrirtæki birti ársreikninga sína.

Félögin beittu öll fyrir sig undanþágu-ákvæði til að hliðra sér hjá birtingu ársreikninga. Þau eru öll ýmist í gjaldþrotameðferð, greiðslustöðvun eða í endurskipulagningu og eiga í stífum viðræðum við lánardrottina. Þá eru þau öll

tæki opinberlega og lagt fjársektir á ell efu upp á samtals sautján milljónir króna frá áramótum. Allt síðasta ár voru þrjú fyrirtæki áminnt vegna brota á reglum Kauphallarinnar og jafn mörg sektuð vegna þeirra.

Kauphöllin segir vegna áminningarinnar í gær að upplýsingar sem þessar falli ekki niður þótt fyrirtækið eigi í greiðsluferfiðleikum.

Þetta er önnur áminning Landic Property á árinu. Þá var Exista sektuð um fjórar milljónir króna í desember í fyrra vegna brota á reglum Kauphallarinnar. Það er jafnfram næsthæsta sekt sem lögð hefur verið á fyrirtæki vegna brota sem þessa. Hæsta sektin, 4,5 milljónir, var lögð á Búnaðarbankann í janúar 2003.

með skráð skuldabréf í Kauphöllinni. Kauphöllin hefur nú áminnt tólf fyrir-

-jab



**FRÁ BAKKAVARARFUNDI** Viðræður vegna skuldabréfaflokks sem kominn er í vanskil standa yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Bakkavararbréf rjúka upp**

Gengi hlutabréfa Bakkavarar rauk upp um 23,5 prósent í ellefu viðskiptum upp á rétt rúmar fjórar milljónir króna í Kauphöllinni í gær. Gengið fór undir eina krónu á hlut í fyrradag og hafði aldrei verið lægra.

Viðræður standa enn yfir við eigendur skuldabréfa félagsins um framlengingu á lánum félagsins. Þrjár vikur eru síðan Bakkavör lenti í vanskilum með greiðslu skuldabréfanna. Þar hefur lítið þokast, sem gæti skýrt hækkunina í gær, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

IFS Greining sagði í umfjöllun sinni í kjölfar uppgjörs Bakkavarar í síðustu viku samninga um skuldabréfin stóra málið hjá félaginu þessa dagana. Fjárfesting í hlutabréfunum væri því mjög áhættusöm uns niðurstaða fengist í málinu. -jab

**Væntingar aukast á evrusvæði**

Væntingar íbúa í evrulöndunum sextán um efnahagsbata hafa aukist frá í apríl og hafa þær nú ekki verið meiri í rúmt hálf t. Þetta eru niðurstöður könnunar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem kynt var í gær.

Væntingavísitalan stóð í 69,3 stigum í mánuðinum samanborið við 67,2 stig í apríl. Bloomberg-fréttastofan segir niðurstöðuna sýna að neytendur séu bjartsýnir á að aukin útgjöld hins opinbera og lágir stýrivextir muni koma efnahagslífinu af stað á ný.

Bloomberg bætir við að þrátt fyrir þetta hafi atvinnuleysi á evrusvæðinu ekki verið meira í þrjú ár. Neytendur haldi fast um pyngjuna og velta í smásöluverslun hafi dregist hratt saman í mánuðinum.

Reiknað er með að þróunin skili sér í 0,2 prósentu verðbólgu, lægstu verðbólgutölum sem sést hafi á evrusvæðinu. Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, birtir verðbólguáætlun í dag. -jab

**Háskólinn á Akureyri**  
University of Akureyri

# KENNARANÁM

## VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

*Boðið er upp á fjölbreytt kennaranám við Háskólann á Akureyri þar sem hægt er að sérhæfa sig á mismunandi skólastigum, leik-, grunn- eða framhaldsskóla. Námið tekur fimm ár (300 ECTS) og lýkur með meistaraþrófi, M.Ed.-gráðu, sem einnig veitir kennsluréttindi samkvæmt nýjum lögum um kennaranám.*

*Einnig er hægt að nema kennslufræði til kennsluréttinda og eru inntökuskilyrði bakkalárpróf eða sambærilegt. Í boði er eins misseris nám (30 ECTS), eins árs nám (60 ECTS) og tveggja ára nám til meistaraþrófs og kennsluréttinda (120 ECTS).*

**Umsóknarfrestur til 5. júní**

Engin skólagjöld, innritunargjald kr. 45 þúsund fyrir skólaárið

**Nánari upplýsingar á [www.unak.is](http://www.unak.is) eða í síma 460 8000**

**Dagslinsur**

Kr: 2.490.-

Hamrahlíð 17 - Húsi Blindrafélagsins  
105 Rvk. • S: 552 2002

**ÓDÝRT Í  
HAGKAUP**

**ÓDÝRT Í  
HAGKAUP**

**LOKAÐ  
31. MAÍ  
HVÍTASUNNU-  
DAG**



**ÓDÝRT Í  
HAGKAUP**

NAUTALUNDIR  
INFLUTTAR FROSNAR

**2.998** kr/kg.

Verð áður 3.999.-



**1.384** kr/kg.  
Merkt verð 1.648.-

Laxaflök  
frosin frá Ektafiski



**584** kr/kg.  
Merkt verð 898.-

Kjúklingaleggir  
ferskir



**1.799** kr/pk.  
Verð áður 2.399.-

Jensen's BBQ svínaríf  
tilbúin beint á grillið



**1.731** kr/kg.  
Merkt verð 2.308.-

Helgarsteik  
bláberjalegin

**Fóir  
FEL**



dijon hunangs  
sósa



basil & hvítlauks  
sósa



rósapípar  
sósa

Frábærar  
grillsósur!



HRÍSKÖKUR  
LÍFRÆNAR  
**289** kr/pk.



BLEIUR  
EUROSHOPPER  
**1.408** kr/pk.



HARIBO  
SYKURPÚÐAR  
**399** kr/pk.



LÍFRÆNT  
PASTA  
**20%**  
afsláttur v/kassa



KANIL  
LENGJA  
**379** kr/stk.



SANTA MARIA  
TORTILLUR 8 STK.  
**299** kr/pk.



**NÝTT**

NIZZA BITAR  
M/LAKKRÍSKURLI  
**499** kr/pk.



**OPIÐ**  
ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær

Gildir til 1. júní á meðan birgðir endast.

# Einfaðlega allt í einni ferð!

OPIÐ  
til **20**  
alla daga



**ÓDÝRT Í HAGKAUP**

NAUTARIBEYE  
KRYDDLEGIÐ

**2.209** kr/kg.

Merkt verð 3.398.-



**ÓDÝRT Í HAGKAUP**

**934** kr/kg.

Merkt verð 1.698.-



**ÓDÝRT Í HAGKAUP**

**499** kr/pk.



**ÓDÝRT Í HAGKAUP**

**1.398** kr/kg.

Verð áður 2.478.-



**2.499** kr/pk.

Verð áður 3.499.-

Svínakótilettur í hunangslegi

Hamborgarar 4 stk. x 80 gr.

Svínalundir ferskar

Ungnauta T-bone steik 2 steikur x 450 gr. frosnar



Sætar kartöflur m/timjan



Balsamikmarinerað grænmeti



Beikonfylltar kartöflur



Berjabomba m/kókosbollum

*spennandi á grillið!*



TÚNFISKUR 2 TEG

**149** kr/stk.



**ÓDÝRT Í HAGKAUP**

RISA SAMLOKUBRAUÐ

**199** kr/stk.



**ÓDÝRT Í HAGKAUP**

MARYLAND KEX

**99** kr/pk.



**ÓDÝRT Í HAGKAUP**

FLORIDANA APPELSÍNUSAFI

**199** kr/ltr.



JARÐARBER 454 G

**498** kr/pk.



ANANAS

**279** kr/kg.



**ÓDÝRT Í HAGKAUP**

BUGLES 3 TEG.

**199** kr/pk.



**NÝTT**

KNORR SÓSUR

**399** kr/pk.

**HAGKAUP**

Ein ferð betra verð

Alþingi fjallar loks um ESB-aðild af alvöru.

## Grundvallar-spurningu svarað

SVANBORG SIGMARSÐÓTTIR SKRIFAR

Þetta er sögulegur dagur, sagði Össur Skarphéðinsson þegar hann kynnti Alþingi þingsályktunartillögu þess efnis að sækja bæri um aðild að Evrópusambandinu. Þetta var jú í fyrsta sinn sem slík tillaga er lögð fram af ríkisstjórn og eðlilegt framhald af kosningumræðunni, þegar í fyrsta sinn var rætt af einhverri alvöru um að ganga til aðildarviðræðna við ESB. Nú stefnir í að til viðræðnanna verði gengið og mun þá fást niðurstaða í það hvaða möguleikar eru fyrir hendi í samningum til að verja helstu hagsmuni þjóðarinnar.

Í því þarf að hugsa um heildarhagsmuni þjóðarinnar, ekki bara einstaka sérhagsmuni. Heildarhagsmunirnir geta ekki verið samlagning af þessum sérhagsmunum. Sem dæmi má nefna að hagsmunir þjóðarinnar sem neytenda og hagsmunir landbúnaðar eru ekki endilega samrýmanlegir, hvort sem þeir eru settir í samhengi við aðild að Evrópusambandinu eða ekki. Við mat á heildarhagsmunum þarf að veita og meta hvaða hagsmunir veita meira til hagsbóta fyrir þjóðina alla.

Umræðuna á þingi í gær mátti greina í tvenns konar mismunandi umræðu. Annars vegar hvort, yfirhöfuð, ætti að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hins vegar hvernig fara ætti að því að sækja um aðild. Þeir þingmenn sem frekar vildu fjalla um málsmeðferð og samningsmarkmið hafa væntanlega svarað fyrir spurningunni játandi. Þeir hafa svarað grundvallarspurningunni sem þingsályktunartillaga utanríkisráðherra fjallar um; að sækja skuli um aðild að Evrópusambandinu. Þegar þeirri spurningu hefur verið svarað er hægt að fara að ræða um hvernig eigi að komast að því markmiði.

Tillaga Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um að fela utanríkismálanefnd Alþingis að undirbúa mögulega umsókn um aðild getur vel fallið með tillögu utanríkisráðherra, með örhlitum breytingum. Sérstaklega á það við um fyrra atriðið, að utanríkisnefnd eigi að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum. Seinna atriðið í tillögu stjórnarandstöðunnar, um að utanríkismálanefnd skuli vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn, er aðeins óljósara.

Vegvísirinn á meðal annars að skýra aðkomu þjóðarinnar að aðildarumsókn og staðfestingu aðildarsamningsins, hvaða stjórnarskrárbreytingar eru nauðsynlegar og hvað umsókn muni kosta. Þetta eru allt spurningar sem þarf að fá svarað. Ekki er hins vegar ljóst hví þarf að svara þeim áður en afstaða er tekin til þess hvort sækja skuli um aðild. Allir flokkar eru sammála um að samningur skuli fara í þjóðaratkvæðagreiðslu, allir flokkar eru sammála um að breytingar á stjórnarskrá eru nauðsynlegar og afstaðan til þess hvort sækja eigi um aðild að Evrópusambandinu snýst varla um kostnaðinn sem af viðræðunum hlýtur.

Þingmenn allra flokka hafa tekið þátt í ítarlegum umræðum um kosti og galla ESB-aðildar og hafa því flestir fyrir sitt leyti svarað grundvallarspurningunni um aðild. Sumir eru henni fylgjandi og aðrir andvígir. Þeir sem eru fylgjandi ættu því í utanríkismálanefnd að geta komist að niðurstöðu um hvernig þeir fylgja þeirri sannfæringu eftir.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal [jk@frettabladid.is](mailto:jk@frettabladid.is) og Þorsteinn Pálsson [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is) ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir [steinunn@frettabladid.is](mailto:steinunn@frettabladid.is). Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Issn 1670-3871

**ora**  
Ástríða í matargerð  
www.ora.is

**NÝ VARA**

**Hvað er í matinn?**  
Ljúffengar kjötbollur í brúnni sósu frá Ora.  
...einfalt, fljótlegt og gott!

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Nýja skoðunin

Ekki varð betur séð í gær en að fjölmargir þingmenn hefðu skipt um skoðun í Evrópusambandsmálinu. Pétur H. Blöndal og fleiri sjálfstæðismenn sem áður hafa lýst sig andstæða aðild, lögðu fram tillögu um mögulega aðild að Evrópusambandinu. Þá virðast þingmenn Framsóknarflokks ekki lengur á þeirri skoðun að sækja eigi um aðild með skilyrðum, líkt og flokkurinn hefur samþykkt. Nú tala þeir um mögulega aðild.

#### Stúkustjórnin

Kvisast hefur út að ríkisstjórnin ætli sér að



#### Enga umræðu

Borgarhreyfingin stæir sig af því að vera sprottin upp



úr grasrótinni, framboðið hafi orðið til á meðal óánægðrar þjóðar sem vildi breytingar. Þær breytingar snerust ekki síst um opna stjórnslu og lýðræðislegar umræður. Kallað var eftir því að gluggar Alþingishússins yrðu opnaðir og þingið talaði við þjóðina.

Því skýtur nokkuð skökku við að þingmenn hreyfingarinnar skuli ekki vilja ræða ályktunartillögu um aðild að Evrópusambandinu. Þráinn Bertelsson kynnti afstöðu hreyfingarinnar, sem óskaði eftir að allri umræðu um málið yrði hætt á þingi og málið sett í nefnd. Öðruvísi mér áður brá.

kolbeinn@frettabladid.is

### SPOTTIÐ



## Stúdentaráð blekkir stúdenta

#### UMRÆÐAN

Benedikt Steinar Magnússon og Sigurður Örn Stefánsson

Undanfarið hefur Stúdentaráð Háskóla Íslands staðið fyrir mótmælum og undirskriftasöfnun gegn fyrirhugaðri gjaldtöku af bílastæðum við HÍ. Við fórum á fund Ingjalds Hannibalssonar, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs HÍ, til að fá nánari upplýsingar um framkvæmdina. Hér viljum við vekja athygli á rangfærslum í málflutningi Stúdentaráðs, nú síðast í grein Jóhanns Mús Helgasonar, framkvæmdastjóra ráðsins, í Fréttablaðinu 25. maí.

Næsta haust hyggst HÍ leggja á gjaldskyldu á bílastæði við Aðalbyggingu og Háskólatorg, einungis um 100 stæði af 2.000 á lóð skólans. Með því er ætlað að auðvelda þeim aðgengi sem eiga skammtímaerindi í helstu þjónustumiðstöðvar Háskólans, en nám er stundað við skólann í 10 byggingum utan hins eiginlega háskólasvæðis.

Stúdentaráð hefur ítrekað haldið því ranglega fram að ágóðinn af gjaldskyldunni muni ekki renna til Háskólans heldur Bílastæðasjóðs. Í ofangreindri grein Jóhanns vísar hann máli sínu til stuðnings í orð Ingjalds á student.is þann 29.03.09: „Þessi aðgerð er ekki gerð til að afla háskólanum tekna en



BENEDIKT STEINAR MAGNÚSSON



SIGURÐUR ÖRN STEFÁNSSON

Bílastæðasjóður mun reka þjónustuna og sjá um alla framkvæmd.“ Jóhann lætur hér staðar numið og fullyrðir: „Svo mörg voru þau orð.“

Hér fer Jóhann vísitandi með rangt mál, því áfram er haft eftir Ingjaldi á student.is: „Ef afgangur er af gjöldunum eftir að kostnaður er dreginn frá mun sjóðurinn og Háskóli Íslands skipta honum milli sín. Hugsanleg hlutdeild Háskólans færi í að bæta samgöngur á svæðinu, eins og hjóla- og göngustíga og aðstöðu við biðskýli. Það verði þó engin sérstök tekjulind.“ Nákvæmlega svo mörg voru þau orð.

Stúdentaráð leggst einnig lágt með því að halda því fram að með mótmælum sínum sé það að verja hagsmuni veikra og fatlaðra. Það er út í hött að gefa í skyn að gjaldtakan muni skerða aðgengi þeirra. Sérmerkt stæði fyrir fatlaða má finna við allar byggingar skólans og eru engin áform um að fjarlægja þau. Þar að auki er handhöfum stæðiskorts hreyfihamlaðra heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld stæði án sérstakrar greiðslu.

Hvers vegna heldur Stúdentaráð ítrekað fram ósannindum gegn betri vitund? Ljóst er að lítið er að marka undirskriftasöfnun sem byggir á rangfærslum.

Höfundar eru nemendur við Háskóla Íslands.

# MERKJA OUTLET

**Stærsta Outlet landsins!**  
**KORPUTORGI**

**| Dömufatnaður | Herrafatnaður |**  
**| Íþróttafatnaður | Sundfatnaður |**  
**| Barnafatnaður | Skór | Töskur | DVD |**

## Verðdæmi:

Dömubolir	695	Tamaris dömuskór	3.995
Dömubuxur	995	Herraskór	5.995
Dömutöskur	995	FRØKEN PIL blússur	2.495
Dömublússur	1.595	FRØKEN PIL buxur	3.995
Kjólar	1.995	FRØKEN PIL kjólar	6.995
Bikinítoppar og buxur	595	Barnabolir	495
Arena sundskýlur, stráka	2.495	Barnanáttföt	995
Arena sundbolir	2.995	Barnaskór	995
Arena sundskýlur, karla	3.495	Barnabuxur	1.495
Gallabuxur, karla	3.995	Markmannshanskar f/börn	1.000
Didriksons útivistarbuxur	2.495	Solla stirða, strigaskór	2.495
Didriksons útivistargalli, barna og unglunga	4.995	Barbie, stelpuskór	2.495
Englagúmmískór (21-35)	995	Íþróttálfurinn, strigaskór	2.495
Englagúmmístígvél (29-42)	1.495	Æfingabuxur, stelpu	2.995
Viking barnastígvél	1.895	DVD	500
Gúmmístígvél, svört (35-40)	3.995	Tölvuleikir	500
Íþróttaskór, karla og kvenna	5.495	DVD Þáttaraðir	1.000



**Mikið úrval af sundfatnaði!**

**Opið alla daga frá 12 til 18 - Sími 578 9400**

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



**1359**

K.S FROSID LÆRI Í SNEIDUM 1359 kr./kg.



**2698**

K.S FERSKT LAMBA-INNRALÆRI 2698 kr./kg.



**1798**

K.S FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.



**1078**

BÓNUS KRYDDAÐ LAMBALÆRI 1298 kr./kg.  
K.S FROSID LAMBALÆRI 1078 kr./kg.



**1298**



**898**

BÓNUS GRILL GRÍSAHNAKKASNEIÐAR 898 kr./kg.



**1359**

K.S FROSINN HRYGGUR Í SNEIDUM 1359 kr./kg.



**2698**

K.S LAMBAFILLET FERSKT EÐA FROSID 2698 kr./kg



**898**

BÓNUS GRILL GRÍSAKÓTILETTUR 898 kr./kg.



**229**

ICEBERG FERSKT 229 kr./kg



**479**

HÁLFT KÍLÓ

FERSK JARÐARBER MEÐ FLUGI HÁLFT KÍLÓ 479 kr./kg



**198**

KÍNAKÁL FERSKT 198 kr./kg



**259**

HOLLENSKIR TÓMATAR Í LAUSU 259 kr./kg



**198**

KARTÖFLUR HVÍTAR 2 KG POKI 198 kr.



**359**

NÝ HOLLENSK PAPIKA RAUÐ OG GRÆN 359 kr./kg.

## BONUS BÝÐUR BETUR



AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.



**BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS**



**498**

KJÖRIS MJÚKÍS 2 LTR.  
498 kr.



**598**

ALI FERSKUR HEILL KJÚLINGUR  
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 998 KR. **598 kr./kg.**



**259**

BÓNUS ÍS 2 LTR. **259 kr.**



**139**

BÓNUS HRASALAT 350 GR  
**139 kr.**



**179**

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770g **179 kr.**



**40%**  
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSK KJÚKLINGALÆRI  
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 898 KR. **539 kr./kg.**



**40%**  
AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR  
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 898 KR. **539 kr./kg.**



MEÐ PIRI-PRIRI KRYDDI **1598 kr./kg.**

**1679**

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR  
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 2798 KR./KG. **1679 kr./kg.**



**1498**

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR  
MERKT VERÐ 1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR **1498 kr./kg.**



**129**

129 kr. 2 ltr.



**129**

129 kr. 2 ltr.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

NOEL GALLAGHER  
ER 42 ÁRA Í DAG.

„Ég ber hvert einasta lag sem ég sem saman við lög Bítlanna. Málið er að þeir voru bara á undan mér. Ef ég hefði fæðst á sama tíma og John Lennon þá væri það ég sem væri þarna uppi.“

Noel Gallagher er gítarleikari hljómsveitarinnar Oasis. Hljómsveitin varð heimsfræg árið 1994 með sinni fyrstu plötu, *Definitely Maybe*.



ÞETTA GERÐIST: 29. MAÍ ÁRIÐ 1953

## Fyrstu mennirnir ná á tind Everest

Þennan dag árið 1953 náðu þeir Edmund Hillary og Tenzing Norgay á tind Everest fyrstir manna.

Hillary var nýsjálenskur fjallamaður og landkönnuður sem ekki einungis afrekaði að ganga á Everest heldur líka á Suðurpólinn fimm árum síðar. Norgay var nepalskur leiðsögumaður hans sem tók í heildina þátt í sjö ferðum á Everest.

Þetta var níundi breski leiðangurinn á tindinn og tóku 400 manns þátt í honum. Getgátur hafa verið uppi um hvort Bretarnir George Mallory og Andrew Irvine hafi komist á tindinn 24 árum áður, en þeir týnd-



ust báðir á fjallinu. Lík George fannst árið 1997 í 8.530 metra hæð og benda ýmsar vísbendingar til þess að hann hafi verið á niðurleið, en tindur Everest er 8.850 metra yfir sjávarmáli.

Fyrstu Íslendingarnir til að klífa Everest voru þeir Björn Ólafsson, Einar Stefánsson og Hallgrímur Magnússon sem komust á tindinn hinn 21. maí árið 1997. Hinn 16.

maí árið 2002 fetaði Haraldur Örn Ólafsson síðan í fótspor þeirra en það var lokahluti leiðangurs hans sem fólst í því að komast á norður- og suðurheimskautin og hæstu tinda allra heimsálfa.

MERKISATBURÐIR

- 1935 Lokið er við byggingu Hoover-stíflunnar.
- 1947 Farþegaflugvél frá Flugfélagi Íslands á leið frá Reykjavík til Akureyrar rekst á Hestfjall við Héðinsfjörð og farast 25 manns.
- 1971 Minnisvarði um Bjarna Benediktsson forsætisráðherra, konu hans og dótturson er afhjúpaður á Þingvöllum þar sem þau fórust í eldsvoða 10. júlí 1970.
- 1973 Tom Bradley er kosinn fyrsti þeldökki borgarstjóri Los Angeles.
- 1999 Hin sænska Charlotte Perrelli vinnur Eurovision-söngvakeppnina sem haldin er í Israel. Selma Björnsdóttir frá Íslandi er í öðru sæti.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



MELISSA  
ETHERIDGE  
TÓNLISTAR-  
KONA ER 48  
ÁRA.



RUPERT  
EVERETT  
LEIKARI ER  
FIMMTUGUR.



ANNETTE  
BENING  
LEIKKONA ER  
51 ÁRS.



MARGRÉT  
FRIMANNS-  
DÓTTIR,  
FORSTÖÐU-  
MAÐUR FANG-  
ELSJISINS Á  
LITLA-HRAUNI,  
ER 55 ÁRA.



AFREK Í húsinu, sem var reist með hjálp styrktaraðila og sjálfboðaliða, verður boðið upp á hvíldarvikur fyrir langveika.

MYND/Birgir Thomsen

LÍKNAR- OG VINAFAÉLAGIÐ BERGMÁL: TEKUR Í NOTKUN HÚS FYRIR LANGVEIKA

## FJÖLMARGIR HAFNA LAGST Á EITT

Nýtt hús líknar- og vinafélagsins Bergmáls verður vígt á Sólheimum í Grímsnesi á morgun en það verður notað fyrir hvíldarvikur sem Bergmál býður krabbameinssjúkum og öðrum langveikum upp á.

Félagar í Bergmáli gefa alla sína vinnu og hvetja aðra til að gera slíkt hið sama. Húsið, sem er tæpir sex hundruð fermetrar, var reist með guðs og góðra manna hjálp,“ segir formaðurinn, Kolbrún Karlsdóttir. „Við fengum mikið af byggingarefninu gefins og hér unnu 32 sjálfboðaliðar baki brotnu í fyrrasumar. Í heildina hafa mörg hundruð manns komið að byggingunni á einn eða annan hátt og er morgundagurinn því hátíðardagur í okkar huga,“ segir Kolbrún, sem hefur ásamt öðrum náð að safna fé og sjálfboðaliðum til verksins.

Bergmál, sem var stofnað árið 1994, var í fyrstu sönghópur gamalla skólafélaga frá Hlíðardalsskóla í Ölfusi. „Við erum kórinn sem varð líknarfélag,“ segir Kolbrún og hlær en einn aðalhvatamaður að stofnun hans var Ólafur Ólafsson söngvari. Þegar Ólafur veiktist af krabbameini og lá banaleguna ritaði hann meðal annars í dagbók sína: „Ég vildi óska þess að til væri staður uppi í sveit, þar sem langveikt fólk gæti átt athvarf.“ Þessi orð urðu kórfélögum hvatning og var fyrsta orlofsvikun haldin í Hlíðardalsskóla árið 1995.



HRÆRD Kolbrún Karlsdóttir er uppnúmin því að það skuli vera hægt að sameina svona margar hendur til góðra verka.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Síðustu tíu ár höfum við svo leigt gistiheimilin Brekkukot og Veghús á Sólheimum í Grímsnesi undir starfsemi og boðið upp á tvær orlofsvikur á ári. Við höfum getað tekið á móti rúmlega fjörutíu manns í hvert skipti eða hátt í níutíu manns á ári.“ Dvöl gesta er þeim að kostnaðarlausu og gefa hjúkrunarfólk, matreiðslumenn, umönnunaraðilar og aðrir sem

að vikunum koma vinnu sína. „Hér er dásamlegt umhverfi sem gestir njóta auk þess sem landsþekktir skemmtikraftar koma og gefa af hæfileikum sínum og frítíma,“ segir Kolbrún.

En hvernig kom það til að ráðist var í húsbygginguna? „Upphaflega ætluðum við eignast upphitaða húsgagnageymslu. Við gengum á fund stjórnenda á Sólheimum, sem hafa ávallt hlúð einstaklega vel að okkur, en var tjáð að búið væri að skipuleggja allt Sólheimasvæðið og það eina sem við gætum fengið væri lóð undir sumarbústað. Við slógum til og ætluðum upphaflega að nýta hann sem samastað fyrir starfsfólk. Síðan tók hann nokkra vaxtarkippi og endaði í 560 fermetrum með 28 rúmum og sérhannaðri aðstöðu fyrir fatlaða. Fyrir vikið er hægt að fjölga orlofsvikum sem var orðið löngu tímabært.“

Kolbrún er að vonum í skýjunum með húsið. „Ég er svo stolt af því að búa í landi þar sem er til svona gott fólk og finnst dásamlegt að það skuli vera hægt að sameina svona margar hendur til góðra verka. Við ætlum því að halda upp á þetta með, mér liggur við að segja, lúðrasveit og söng og byrjum á athöfn í Sólheimakirkju. Þá verður gengið að nýja húsinu og það vígt og síðan verða veitingar og dagskrá í Sesseljuhúsi. Á sunnudag verður svo opið hús milli 14 og 16 og þá eru allir hjartanlega velkomnir.“

vera@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir,  
tengdafaðir, afi og langafi,

**Haraldur Brynjólfsson**

frá Króki, Norðurárdal, Kirkjusandi 3,  
Reykjavík,

lést á Landspítala Landakoti aðfaranótt 26. maí. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 2. júní kl. 13.00.

Sigurbjörg Sigurðardóttir  
Brynjólfur Haraldsson  
Guðrún J. Haraldsdóttir  
Arndís Haraldsdóttir  
Ingibjörg E. Ingimundardóttir  
Sigurður S. Ingólfsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

Jóhanna Birgisdóttir  
Porkell D. Jónsson  
Ingbór K. Sveinsson  
Kristján V. Kristinsson  
Kristín S. Steingrimsdóttir



Elskulegur faðir minn og sonur,

**Árni Ragnar Árnason**

Prastargötu 8, Reykjavík,

sem lést af slysförum þann 21. maí, verður jarðsönginn frá Neskirkju 2. júní kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnst hans er bent á reikning í banka 0115, höfuðbók 14, reikningsnúmer 750663, kt. 250797-2579.

Elmar Freyr Árnason  
Ingigerður R. Árnadóttir.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragnhildur E. Levy**

ljósmóðir, frá Katadal,

verður jarðsönginn frá Hvammstangakirkju laugardaginn 30. maí kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hollvínasamtök Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga.

Ögn Levy Guðmundsdóttir  
Benedikt Jóhannsson  
Sigurður Ingi Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýbug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Magnúsar Finnbogasonar**

frá Lágafelli, Gilsbakka 2, Hvolsvelli.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilisins Kirkjuhvols fyrir góða umönnun.

Auður Hermannsdóttir  
Vilborg Magnúsdóttir  
Finnbogi Magnússon  
Ragnhildur Magnúsdóttir  
og barnabörn.

Gunnar Hermannsson  
Þórey Pálsdóttir  
Guðmundur Erlendsson



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Hólmgeirsdóttir**

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 2. júní kl. 13.30.

Valgerður E. Valdemarsdóttir  
Þórhildur S. Valdemarsdóttir  
Hólmgeir Valdemarsson  
Baldvin Valdemarsson  
Sigrún B. Valdemarsdóttir  
barnabörn og langömmubörn.

Baldur Guðvinsson  
Þorsteinn Þorsteinsson  
Birna S. Björnsdóttir  
Vilborg E. Sveinbjörnsdóttir  
Ingólfur Ingólfsson



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/MÁLI

## Sólskálar



## Svalalokanir



## Svalaskjól



## Gluggar



## Hurðir



## Rennihurðir



-Stofnað 1984-  
[www.solskalar.is](http://www.solskalar.is)

Sími: 554 4300  
Smiðsbúð 10, 210 Garðabæ



## Reyrhúsgögn



### ● ÓMÓTSTÆÐILEGIR ÁLFAR Í GARÐINN

Litlir, feitir garðálfar í litríkum fötum eru krúttlegir og lífga upp á garðinn. Þó að garðálfarnir séu ólíkir íslensku álfunum og huldufólkinu er ekki þar með sagt að þeir séu minna dularfullir. Þeir eru til dæmis þekktir fyrir að hverfa og birtast aftur, vikum eða jafnvel mánuðum síðar. Því ættu allir að fara vel með garðálfinn sinn og koma fram við hann af virðingu, því það boðar ekki gott að koma illa fram við álfa.



### ● VARNIR GEGN SKAÐVÖLDUM

Um leið og sumarið gengur í garð kviknar líf í gördum, tré og runnar skryðast laufi, blóm springa út og meindýrin fara á stjá. Meðal þeirra eru fiðrildalirfur, sem geta valdið miklu tjóni í gördum ef þær eru ekki stöðvaðar í tæka tíð, að sögn



Halldórs Sverrissonar, plöntusjúkdómafræðings á Mógilsá og lektors við Landbúnaðarháskóla Íslands.

„Þær fara af stað núna og eru að fram eftir vori. Leggjast á laufin og geta í verstu tilvikum aflaugað tré. Lirfurnar eru litlar en ummerkin augljós: ljót, uppvaflin og stundum uppétin laufblöð. Í sumum

tilvikum leggjast þær á brum og það getur hindrað vöxt trjáa.“ En hvað er til ráða? „Garðaúðun. Kaupa annaðhvort brúsa sjálfur eða kalla fagmenn til verksins ef trén eru of stór eða vandamálið of umfangsmikið.“

Þá nefnir Halldór annan skaðvald til sögunnar, ryðsvepp, sem gerir vart við sig síðla sumars og leggst á ákveðnar trjátegundir, til dæmis víði og ösp. „Þessi rauðguli sveppur getur í verstu tilfellum dregið mátt úr trjám. Hann er hins vegar hvorki hættulegur mönnum né trjám og aðeins tré af sömu tegund smita hvert annað. Sem stendur er ekkert eitur fánlegt gegn honum héraendis og því lítið hægt að gera við honum í bili.“



Pallurinn er oftast en ekki framlenging á híbýlum fjölskyldunnar um sumartíminn. Því er tilvalið að skreyta hann og gera fallegan.



Gott er að hafa hentug ílát undir olíu, krydd og annað sem fylgir grillmat.



Fallegar lugtir, kyndlar og kerti setja hlýlegan svip á veisluborðið um kvöld.



Þessi kertablóm í garðinn eru úr gleri og járn á 390 krónur í The Pier.

Traust þjónusta í 20 ár!

**SLÁTTUR**  
**TRJÁKLIPPINGAR**  
**BEDAHEINSUN**  
**STUBBATÆTUN**  
**GARÐAÚÐUN**



**GARDLIST**  
ALHLIDA GARÐÞJÓNUSTA

**554 1989**

WWW.GARDLIST.IS Allt fyrir garðinn á einum stað

Þarf að gera eitthvað í garðinum?

**GARÐAR**  
**BEST**  
EHF.



sími 698 9334 • gardarbest.is

Alvöru garð - list frá 1988

## Litadýrðin allsráðandi

Létt er yfir fólki þessa dagana þar sem sólin vermir húð og hjörtu og því ekki seinna vænna að setja í sumargírinn. Margt er í boði þegar kemur að því að skreyta sumarborðið.

Þjartir litir og fallegir smáhlutir setja svip sinn á sumarskreytingar þetta árið líkt og endranær. Þegar kemur að því að dekla sumarborðið er margt í boði og auðvelt er að nálgast ýmiss konar diska, framreiðsluföt, kerta-stjaka, lugtir, munnþurrkur og fleira sem nýtur sín vel í bland við garðhúsgögnin. Hjá Garðheimum og The Pier kennir ýmissa grasa þegar kemur að sumarlegu stássi og gefur hér að líta brot af úrvalinu.

„Litadýrðin er allsráðandi í sumar og gamlir hlutir nýttir í bland við nýtt. Íslendingar eru aldrei duglegri að rækta sitt eigið grænmeti en nú, enda ótrúlega einfalt og

skemmtileg hugmynd að rækta salatið í svalakerjum og blóm-pottum,“ segir Olga B. Gísladóttir hjá Garðheimum og kemur með skemmtilega hugmynd í matarboðið: „Gestirnir geta sjálfir tint salatblöð af plöntunni og gert sitt salat sjálfir. Salatplantan lifir áfram og hægt er að tína af henni ný og fersk blöð allt sumarið.“

Hjá versluninni The Pier hafa geitungagildrunar notið mikilla vinsælda upp á síðkastið. „Við auglýstum þær nýverið og þær runnu út þar sem nýverið hafði verið rætt um að geitungarnir væru að lifna við. Síðan höfum við mikið úrval af lugtum en þær eru mjög vinsælar til að skreyta garða með,“ segir Margrét



Deklað sumarborð í garðinn hjá The Pier. Giraffinn við borðfóttinn er í senn skrautmunur og garðkanna. Hér gefur líka að líta ýmiss konar lugtir, diska, glös, kerti og geitungagildrur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rögnvaldsdóttir, verslunarstjóri The Pier á Korputorgi. Lugtirnir má bæði hengja upp og láta standa einar sér. „Við erum líka með alls konar falleg kerti sem henta vel sem tækifæringsjafir. Núna erum við með garðkonnur sem eru í senn skraut og hafa notagildi en heitir og fallegir litir eru áberandi og má þar nefna sterkan lime-grænan, bleikan og gula liti,“ segir hún og nefnir að öll smávara í versluninni sé skrautleg og skemmtileg.

-hs



Fjölbreytt úrval er af glösum í The Pier. Ananisdiskurinn er á 590 krónur og diskamottan á 490 krónur en glasið á er á 590 krónur.



Lugtir og kertaljós minna á 1001 nótt og setja alltaf rómantískan svip á umhverfi sitt. Minni lugtin er á 1.490 krónur og sú stærri á 990 krónur í The Pier.

# Gamla grillið upp í á 10.000 kr.

Nú er tækifærið til að fá sér nýtt grill!

**grandhall**  
living style

### Grandhall Premium 323

- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4,5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar járngrindur til eldunar
- Hitaplata úr pottjárni
- Ytra byrði úr stáli með há-glans áferð
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjakerfi
- Innbyggður hitamælir

Pú borgar  
**79.999** kr  
ef þú skilar gamla grillinu

**89.999** stk.



**grandhall**  
living style

### Grandhall Classic 219

- 14kWh, 4 brennarar úr 304 ryðfríu stáli
- 4,5kWh hliðarhella
- Postulínshúðaðar stálgrindur til eldunar
- Postulínshúðaðir eldtemjarar
- Elektrónískt kveikjakerfi
- Ytra byrði úr 430 ryðfríu stáli
- Innbyggður hitamælir

Pú borgar  
**59.999** kr  
ef þú skilar gamla grillinu

**69.999** stk.



Ef þú kaupir Grandhall grill tókum við gamla grillið upp í á

**10.000** kr.

Við sendum þér nýja grillið samsett heim og tókum það gamla.\*

\*Frí heimsending á stórhöfuðborgarsvæðinu

Úrval af Grillpro grillaukahlutum á frábæru verði



Grillpenslar



Maís höldur



Gaskveikjari



Grillpinnar




Trépinnar



Keramic steinar



Kjúklingagrind



Hamborgaragrind



Gardhúsgögn  
Cuba Octagon sett  
Átthrynt borð og fjórir  
samfellanlegir stólar.



Gardhúsgögn  
Cuba Bistro sett  
Samfellanlegt borð  
og tveir stólar.



Gardhúsgögn  
Bistro sett  
Borð með glerplötu  
og tveir stólar.



**OPIÐ**

ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær

Gildir til 5. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

Ein ferð betra verð



Faðir Sonju, Ásbjörn Þórarinnsson, smíðaði þetta fallega fuglahús.



Eins og sjá má eyðir Sonja Ásbjörnsdóttir drjúgum tíma í garðinum en þar úir og grúir af forvitnilegum hlutum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þessa kúlu, sem nú gegnir hlutverki blómakers, fann faðir Sonju í fjöru.



Í garðinum er margt að finna. Í þessu forláta fuglabúri býr blóm en ekki fugl.



Graslaukurinn blómstrar svo fallega og ekki er verra hvað hann er góður í mat.



Eiginmaður Sonju ber grjót í garðinn svo hún geti búið til úr þeim andlit.

# Villtur og óskipulagður

Garður Sonju Ásbjörnsdóttur hárskera ber þess vel merki að fingur hennar eru ekki bara liprir í hári heldur líka grænir.

„Það voru fjórar aspir í garðinum þegar við tókum við honum fyrir þrettán árum,“ segir Sonja, sem hefur eytt drjúgum tíma í garðinum síðan og sér ekki eftir mínútu. „Ég myndi helst vilja eiga þrjá garða. Mér finnst ég aldrei eyða nógu miklum tíma úti í garði og mér leiðist þegar ekkert er að gera þar. Það er fínt ef veðrið er vont, þá vinn ég oft skítverkin en fæ mér frekar pásu þegar veðrið er gott.“

Sonja lýsir garðinum sínum sjálf sem villtum og óskipulögðum. Þar ægir saman hinum ýmsu tegundum plantna, grjóti og gömlum gersemum. „Ég hef alltaf haft gaman af því að safna blómum og alls kyns dóti. Ég er með mikið af fjölærum plöntum í garðinum hjá mér. Það er rosalega vindasamt hérna og ég er í stöðugri baráttu við austanáttina. Þess vegna er mikilvægt að velja plöntur sem eru harðgerar. Nú bíð ég spennt eftir því sem ég setti niður í fyrra.“ - hhs



Sonja Ásbjörnsdóttir, sonur hennar Eypór Arnar og labradorhundurinn Megás.

## FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU

EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS



**FRÉTTABLAÐIÐ** FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS



**GRÓÐURBLÓT** verður haldið við hús Skógræktar ríkisins á Mógilsá í Kollafirði laugardaginn 30. maí klukkan 14. Eftir blótið verður grillað, spjallað og spugað. Stuttar gönguleiðir eru í nágrenninu og hin árlega eggjaleit fer fram.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



*Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækiferisgjöf!*

## Nýr A la Carte

REYKT ÖND

með blönduðu salati, valhnetum og fíkjublöndu

Við mælum með Pinot Gris, Pully Fumé eða Pouilly Fuisse með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill

Verð aðeins 6.890 kr.

með 4 glösum af sérvöldum vínum aðeins 10.490 kr.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207  
Netfang perlan@perlan.is - Heimastíða www.perlan.is

**VÍSIR.IS**  
"...ég sá það á vísi"



„Setjið klettasalat-dressinguna fyrst á diskinn,“ bendir Paolo á.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Heimalagað fyllt pasta

Paolo Gianfrancesco er ítalskur arkitekt sem búið hefur hér á landi í tvö ár. Hann gefur lesendum Fréttablaðsins uppskrift að fylltu pasta, ravioli, sem er einfaldara að búa til en margir halda.

„Ravioli er pasta með fyllingu, sem er algengt á Norður-Ítalíu,“ segir hinn ítalski Paolo Gianfrancesco. Í Flórens lærði hann arkitektúr og þar sótti hann einnig japanskan matreiðsluskóla og lærði til prófs í vínsmökkun. Paolo fékk snemma mikinn áhuga á matargerð en hann er ættaður frá bænum Bojano í Molisa-héraði á Suður-Ítalíu.

„Ferskt pasta þarf litla suðu,“ svarar Paolo þegar hann er spurður út í leiðbeiningar við matreiðsluna. „Setjið klettasalat-dressinguna fyrst á diskinn, þar næst pastað og setjið sósuna síðan ofan á. En gætið þess að hræra þessu ekki saman.“

Aðferðin við pastadeigið er að sögn Paolo áþekkt þeirri sem notuð er við pítsudeig, enda kannast flestir við það hvernig á að hnoða það og fletja síðan út með kökukefli, því algenga eldhúshaldi.

Paolo hvetur þá sem aldrei hafa reynt að laga handgert pasta til að ráðast til atlögu við það sem fyrst. „Farið bara varlega þegar pastað er dregið upp úr pottinum.“

Hér til hliðar má sjá útfærslu Paolo á fylltu pasta þar sem hann leyfir sér að leika sér með hefðina.

vala@frettabladid.is

### HEIMALAGAÐ PASTA

Með fyllingu **FYRIR 4**

**Pasta (ravioli)**  
3 egg  
2 eggjahvítur  
salt  
um 350 g af hvítu hveiti

**Fylling**  
½ litill laukur saxaður  
150 g ferskir ítalskir  
Porcini-sveppir eða 30 g  
þurrkaðir  
125 g ferskur mozzarellaostur  
salt og svartur pipar  
50 g parmesanostur

**Dressing**  
3 msk. jómfrúarolía  
örlítið af blóðbergi  
(tímían)  
1 hvítlauksrif  
150 g kirsuberjatómatar

**Sósa**  
50 g ferskt klettasalat  
(rucola)  
15 g furuhnetur  
3 msk. jómfrúarolía  
50 g parmesanostur

Sláið eggjunum saman við eggjahvít-



Ravioli, fyllt pasta, er algengt á Norður-Ítalíu. Ferskt pasta þarf litla suðu og best er að bera það fram sem fyrst.

urnar og vinnið hveitið og saltið saman við. Rúllið deiginu í litla bolta og látið standa og setjið rakan klút yfir í um 30 mínútur.

Setjið snyrta sveppina, skorinn laukinn, brytjaðan mozzarella- og parmesanostinn á pönnu og saltið og piprið og setjið svo allt saman í matvinnsluvél eða blandara.

Fletjið deigið út í tvö þunn blöð og skerið í tólf ferninga/hringi. Notið ½ msk. af fyllingu á hvern 5 cm ferning. Látið það í sjóðandi saltað vatn og gætið þess að sjóða ekki of lengi. Takið pastað varlega upp úr pottinum og leyfið því að þorna. Berið fram með sósunni og dressingunni.

## Sushi veislubakkar með grillinu í allt sumar

Sushi hentar sérstaklega vel með grillmatnum í garðveislunum í sumar

Skafið fjölbreytt veislutilboð á nings.is

Pantanir á stærri Sushi bökkunum þarf að berast með dags fyrirvara.

# NINGS

www.nings.is

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12 • S. 588 9899

# HELGIN

**HÁSKÓLAKÓRINN** og hátíðarkór frá Hálogalandi í Noregi halda sameiginlega tónleika í Reykholtskirkju 1. júní klukkan 17. Á dagskrá er blanda af íslenskrri og norskrri tónlist en efnisskrá Háskólakórsins nefnist Hrafnamál enda kemur krummi víða við sögu í lögunum.



**Sigga & TIMO**  
GULLSMÍÐI  
STRANDGATA 19 · SIMI 565 4854



Litríkir og glaðlegir búningar gefa leikritinu Út í kött ævintýrlegan blæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Úr sér gengnum staðal- ímyndum gefið langt nef

Lýðveldisleikhúsið hefur sett upp ævintýraleikinn Út í kött. Í leikritinu eru fléttað saman nokkur Grimms-ævintýri með dansi og söng, en með sanni má segja að þar er Rauðhetta enginn ráðvilltur sakleysingi.

„Leikritið fjallar um tvo krakka, þau Erp og Helgu Soffíu, sem þekkjast ekki og lenda saman í herbergi um stund. Þau þurfa að finna út úr því hvernig þeim tekst að líka við hvort annað,“ segir Kolbrún Anna Björnsdóttir, leikstjóri og danshöfundur leiksýningarinnar Út í kött, sem frumsýnt var í Gerðubergi í vikunni.

„Strákurinn vill fá að vera í friði en stelpan er ólm í að segja honum sögur og ævintýri. Henni tekst að lokum að snúa algerlega upp á tilveru hans og sannfæra hann um að ævintýri séu skemmtileg,“ segir Kolbrún Anna en í sýningunni er staðalímyndunum gefið langt nef

og hláturinn notaður til að opna augu áhorfenda fyrir því að heimurinn er ekki eins svart-hvítur og hann sýnist.

„Helga Soffía snýr upp á sögurnar þannig að kvenpersónurnar eru ekki jafn miklir aumingjar og í upprunalegu ævintýrunum,“ útskýrir Kolbrún Anna en á sýningunni er fléttað saman þremur ævintýrum, Rauðhetta, Öskubusku og Grísunum þremur. „Rauðhetta er sko enginn ráðvilltur sakleysingi heldur hjargar sér bara sjálf,“ segir Kolbrún Anna glaðlega.

Leikgerðin og tónlistin er unnin af Benóný Ægissyni en dans og söngur spilar stóran þátt í sýningunni.

Leikararnir eru fimm, þau Kolbrún Anna Björnsdóttir, Guðmundur Elías Knudsen, Ragnheiður Árnadóttir, Fannar Guðni Guðmundsson og Sóley Anna Benónýsdóttir.

Skólar geta fengið leikhópin til sín og fengið þá fræðsluefni með sem Kolbrún Anna hefur unnið annars vegar um Grimms-ævintýri og hins vegar um kynhlutverk.

Út í kött verður sýnt í Gerðubergi á morgun klukkan 14. Einnig verða þrjár sýningar í Hafnarfjarðarleikhúsinu 6. og 7. júní. Nánari upplýsingar um leikritið og sýningar má finna á vefsíðunni [www.this.is/great/utikott.html](http://www.this.is/great/utikott.html).

[solveig@frettabladid.is](mailto:solveig@frettabladid.is)

# Gefðu vatn

907 2002



Hjálparstarf  
kirkjunnar  
[www.help.is](http://www.help.is)

Árbæjarsafn er opið frá 10 til 17 yfir sumartímann. Árbæjarsafn er útisafn og auk Árbæjar eru þar yfir 20 hús, sem mynda torg, þorp og sveit. Flest húsin hafa verið flutt úr miðbæ Reykjavíkur. Í safninu er boðið upp á fjölda sýninga og viðburða þar sem einstökum þáttum í sögu Reykjavíkur eru gerð skil.



[www.arbaejarsafn.is](http://www.arbaejarsafn.is)

Green Curry er mild karrýblanda með sætum og krydduðum keim. Þessi blanda af grænu karrý kallar fram ljúft bragð sem fer vel með nautakjöti. Kókosmjólkin gefur réttinum síðan milt og rjómakeynt bragð.

THAI-  
CHOICE

Toppurinn frá Thailandi



Nautakjöt í  
Thai Green  
karrýsósu

1 dós Thai Green Curry sósa (290g)  
1/2 dós Thai Choice kókosmjólk (200g)  
250g nautakjöt skorið í strimla  
100g grænmeti  
(t.d. paprika, gulrætur, spergilkál og sveppir)

Steikið nautakjötið og grænmetið á pönnu við háan hita í 2-3 mín. Bætið Thai Green Curry sósunni og Thai Choice kókosmjólkinni út í og eldið þangað til kjötið er full eldað (ca. 3 mín.) Þessi réttur er einnig ljúffengur með svínakjöti eða lambakjöti.

Berið fram með Jasmine hrísgrjónum eða Thai Choice núðlum.



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 29. maí 2009



Harpa Einarsdóttir, teiknari og fatahönnuður, nýtur sín vel í Atlanta þar sem hún vinnur fyrir tölvuleikjafyrirtækið CCP.

## SELDI BÚSLÓÐINA OG FLUTTI ÚT

### \* GIFTIR SIG Í DANSKRI SVEITAKIRKJU

Friðrik Weissappel gengur í það heilaga 11. júlí næstkomandi.

### \* SYKURSÆT RÓMANTÍK OG PASTELLITIR

Björg Alfreðsdóttir förðunarmeistari sýnir heitustu sumarförðunina.

### \* OPNA „SEC- OND HAND“- VERSLUN

Verslunin Nostalgía var opnuð á Laugaveginum á miðvikudaginn.



## SUMARTILBOÐ

**UNITED  
MEDIA SPILARI  
720/1080i**

**United HD MMP 9530**

720P/1080i HD 3.5" margmiðunarspilari með 640GB WD Greenpower hörðum diskum, HDMI, Optical og Composite tengjum, innbyggðum SD/MMC kortalesara ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

Kr. **27.950**

**WD**  
640GB  
DISKUR

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGAR-  
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á  
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 •  
201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

**@tt.is**  
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

á ferð um landið

## NÍNA BJÖRK GUNNARSDÓTTIR LJÓSMYNDARI

ég ætla að hitta vini á föstudagskvöldið og á laugardaginn ætla ég með soninn og kærastann á fjölskylduskemmtun hjá 365 sem er í fjölskyldugarðinum. Á sunnudaginn er ég að vinna en þá er bæði fjölskyldumyndataka og óléttumyndataka. Þetta verður yndisleg og skemmtileg helgi þar sem ég mun hitta fullt af fólki.



helgín  
MÍN

### Selur nýjan heilsu- og vítamíndrykk

„Bróðir minn fékk þvillian áhuga á þessu og er að selja þetta svo ég er svona að hjálpa honum,“ segir Ragnheiður Ragnarsdóttir sundkona um nýjan heilsu- og vítamíndrykk sem kallast Jen Fe. „Þjáfararnir mínir byrjuðu á þessu og þegar ég sá hvað þeir voru hressir og orkumiklir ákvað ég að prófa. Ég borða ekki mikinn sykurl, en núna langar mig bara ekki í neitt sætt og er miklu hressari,“ segir Ragnheiður um drykkinn, en um síðustu helgi setti hún tvö íslandsmet í 50 og 100 metra skriðsundi og er þar með komin í 30. sæti í heiminum í 50 metra skriðsundi.



Þetta  
HELST

### Eyða sumrinu á Íslandi

Duncan McKnight, söngvari hljómsveitarinnar The Virgin Tongues, sem stórslasaðist eftir fall úr íbúð á Skólavörðustíg í byrjun maí er kominn úr lífshættu. Félagar hans í bandinu hafa ákveðið að eyða sumrinu á Íslandi við upptökur á meðan Duncan nær bata og eru mjög hrifnir af landi og þjóð. Þeir eru um þessar mundir að taka upp myndband við lag sitt Six Feet Underground.

### Eignaðist litla stelpu

Sigrún Hrólfsdóttir, einn þriggja meðlima Gjörningaklúbbsins, átti dóttur í síðustu viku ásamt unnuasta sínum, Þorgeiri Guðmundssyni tónlistarmanni og kvikmyndagerðarmanni. Þetta er fyrsta barn þeirra og heilsast móður og barni vel.



Flottar Urður Hákonardóttir framkvæmdastjóri og Gígja Ísis, verslunarstjóri Nostalgiu, voru ánægðar með opnunina.



Ánægðar Helena Jónsdóttir mætti á opnunina ásamt dóttur sinni, Hrafninnu Árnadóttur, og Moniku Magdalenu.



Töff Svala Björgvins var meðal gesta við opnun Nostalgiu.

Ný „second hand“-verslun á Laugavegi:

# Notuð föt og nytjahlutir

Þetta var eiginlega svolítill skyndiákvörðun. Við fengum bara hugmynd og vorum ekkert að velta okkur of mikið yfir henni,“ segir Urður Hákonardóttir, fyrrum söngkona Gusgus og framkvæmdastjóri Nostalgiu, nýrrar fataverslunar við Laugaveg 37. Verslunin var opnuð með opnunarteiti á miðvikudagskvöldið.

„Í rauninni small allt mjög auðveldlega saman, vorum fljót að panta inn litla sendingu og svo er meira á leiðinni í næstu viku,“ segir Urður. „Búðin er hlaðin gersemum og vel völdum „second hand“-stykjum ásamt

ýmsum skemmtilegum nytjahlutum. Við seljum notuð föt og ýmsa smáhluti og erum við opin fyrir því að kaupa gamla lagera, tuttuu ára og eldri, af fatnaði, fylgihlutum og búskúsum,“ segir Gígja Ísis verslunarstjóri og Urður tekur í sama streng. „Við erum með fjölbreytt úrval og erum ekki að einskorða okkur við ákveðin tímabil eða stíl og erum með 70's, 80's og 90's dót,“ segir Urður sem vann áður í 38 þrepum og Spútnik.

Aðspurð segist hún ekki hafa séð neitt því til fyrirstöðu að stofna verslun í krepunni. „Ég sé ekki að þetta ætti ekki að vera hægt.

Ég held að á þessum tíma blómstri litlu fyrirtækin, endurvinnsla og íslensk hönnun, það er vonandi það sem fólk er að hugsa um núna. „Second hand“ er líka alltaf búið að vera sterkt hér og er að koma sterkara inn en áður. Við erum að opna á góðum tíma því sumarið er alltaf svolítið tími Laugavegarins og ég er ein af þeim sem fer alltaf á Laugavegin, en ekki í Kringluna eða Smáralind,“ útskýrir Urður og segist vera bjartsýn. „Það kom fullt af fólki í gær og við höfum fengið rosalega góðar viðtökur svo ég hef fulla trú á þessu.“

„Spennan er næstum óberleg...“

LEE CHILD

Í FRJÁLSU FALLI

LOKSINS Á ÍSLENSKU

MARGFALDUR METSÖLUHÖFUNDUR BEGGJA VEGNA ATLANTSHAFSINS

„JACK REACHER ER KARLMANNLEGUR EINS OG JOHN WAYNE, FÆR EINS OG JACK BAUER, MEÐ LÍKAMLEGT ATGERVI Á BORDI VIÐ RAMBO OG JAFN SVALUR OG DIRTY HARRY.“

JPU JPV ÚTGÁFA

SUNDAY TIMES

www.forlagid.is

Friðrik Weisshappel gengur í það heilaga:

## Giftir sig í Danmörku

„Undirbúningur er í fullum gangi og það er búið að ganga frá öllu þessu helsta svo sem matseðli, kokkum og músík,“ segir Friðrik Weisshappel spurður um fyrirhugað brúðkaup. Friðrik mun ganga að eiga unnu sína, Tine Holmboe, 11. júlí næstkomandi, en þau trúlofuðu sig í fyrirasumar og eiga dótturina Irmu, sextán mánaða.

Við ætlum að gifta okkur í lítilli sveitakirkju sem er í klukkutíma akstursfjarlægð frá Kaupmannahöfn, en höldum síðan veislu á herragarði sem er í eigu fjölskyldu Tine. Þar ætla mínir bestu vinir að gista og síðan vöknum við öll saman og fáum okkur „brunch“ daginn eftir,“ útskýrir Friðrik sem á von á um 125 manns í veisluna, en um 30 manns munu gista á herragarðinum.

Aðspurður segist hann vera búinn að bóka tónlistaratriði og ljósmyndara fyrir brúðkaupsdaginn. „Í mínum vinahópi eru tveir mjög góðir plötusnúðar, en síðan erum við búin að bóka danska djassmúsikanta.



Hamingjusöm Friðrik og Tine ásamt dóttur sinni, Irmu, sem er að verða sextán mánaða.

Við vildum ekki fara í hefðbundna brúðkaupsmyndatöku svo við fengum mjög góðan tónleikaljósmyndara sem verður með okkur allan tímann og sefur svo ásamt gestum til að taka myndir daginn eftir.

Það mikilvægasta við þetta er að vakna inn í hjónabandið umkringdur nánustu vinum og fjölskyldu,“ segir Friðrik, spenntur fyrir stóru stundinni.

augnablikið



BLÓMLEG Í BLEIKU Eins og gefur að skilja vakti Paris Hilton eftirtekt þegar hún mætti í þessum bleika blómakjól í kokkteilboði við opnun Mardan Palace-hótelins í Tyrklandi um síðustu helgi.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Stefán Karlsson Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Fíji garðsett  
Helgartilboð!

**20%**  
afsláttur

áður 99.900,-  
nú 79.920,-



BLÓMAKERTASTJAKI  
**390,-**



NESTISKARFA  
fyrir 4  
**4.990,-**



BAMBUSKERTASTJAKI **190,-**



ÚTIKERTI Í FÖTU **990,-**



NESTISKARFA  
með tvískiptu loki  
**1.990,-**



ÚTIKERTI  
**690,-**

DYRAMOTTA  
**990,-**



GRÆN LUKT  
**1.490,-**

GUL LUKT  
**1.490,-**

LEIKSTJÓRASTÓLL  
**7.990,-**



DISKUR  
Á PREMUR  
HÆÐUM  
**2.490,-**



FELLANLEGUR STÓLL  
**5.990,-**



FELLANLEGT  
BORD  
**7.990,-**

the  
**PIER**

gleðilegt sumar!

Opnunartími helgarinnar: Laugardagur 10-18. Hvítasunnudagur lokað.  
Annar í hvítasunnu 12-18.

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# Í EKTA SUÐURRÍKJASTEMNING

**Harpa Einarsdóttir, fatahönnuður og teiknari, var stödd í Atlanta þegar bankahrunið varð á Íslandi. Þar fékk hún atvinnutilboð hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP sem hún gat ekki hafnað, seldi búslóðina stuttu síðar og flutti út.**

**Viðtal: Alma Guðmundsdóttir**  
**Ljósmyndir: Stefán Karlsson**

Ég ætlaði alltaf að verða listamaður. Áður en ég komst á táningsaldurinn ætlaði ég reyndar að verða ballerína, en það var ekki kenndur ballett í Borgarnesi,“ segir Harpa sem ólst upp þar og á Akranesi þar til hún flutti í bæinn sextán ára gömul ásamt móður sinni. „Ég tók ekki nema eina önn í MH, ég er eirðarlaus að eðlisfari og ákvað að taka mér frí frá skólanum til að flakka aðeins um heiminn. Eftir að hafa farið víða og dvalið í London í eitt ár kom ég aftur heim og ætlaði að halda áfram námi, 22 ára, en þá varð ég þunguð af syni mínum. Ég og kærasti minn hættum saman þegar hann var átta mánaða, en á þeim tíma var ég í fornámi í myndlist í FB. Ég flutti til mömmu með hundinn og strákinn pínulítinn og mánuði síðar kom í ljós að ég var komin tvo mánuði á leið með dóttur okkar sem var eðlilega þínu sjokk. Elsku mamma hefur alltaf veitt mér mikinn stuðning í gegnum árin og við staðið vel saman. Þegar þarna er komið var íbúðaverð að hækka mikið og ákváðum við því að rífa okkur upp og flytja til Akureyrar. Þar áttum við dásamlegt ár og ég held að ég hafi aldrei verið eins mikil húsmóðir og þetta ár, bakaði brauð á hverjum degi og gerði rabarbarasultu,“ segir Harpa og brosir. „En það leið ekki á löngu þar til eirðarleysið gerði vart við sig að nýju, ég flutti því aftur í bæinn og sótti fljótlega um í Listaháskólanum þar sem ég útskrifaðist síðan úr fatahönnun árið 2005.“

## HARÐUR BRANSI

„Eftir útskrift byrjaði ég svo að vinna í búningadeild Þjóðleikhússins þar sem ég kynntist



**Töff** „Fyrsti alvöru kærastinn minn, hann Jón Páll, gerði þetta,“ segir Harpa, spurð um tattúin á handleggjunum.

Selmu Ragnarsdóttur klæðskera og við fórum að vinna saman að Starkiller-hönnunarlinunni. Ég hef sniðagerðina ekki mikið í mér, en get teiknað nákvæmlega upp hvað mig langar að gera, þannig gátum við sameinað krafta okkar. Við vorum með litla búð og vinnustofu á Laugavegi en ég var samt alltaf í fullri vinnu með þessu. Það var auðvitað alltaf draumurinn að fara í alvöru framleiðslu því maður græðir aldrei á svona dúllerí. Ég hef samt ekki gefist upp og langar einhvern tíma að taka upp þráðinn og stofna nýja línu,“ útskýrir Harpa sem sá um búningahönnun meðal annars fyrir Mýrina og Duggholufólkið. „Ég hef alltaf verið með annan fótinn í „production-bransum“ og í framtíðinni get ég alveg séð mig fyrir mér að vinna sem búningahönnuður eða „concept“ listamaður í kvikmyndum.“



Ég man að þegar símtal frá Krumma allir farnir á hausinn kokkteil í hönd þ

## ERFIÐ ÁKVÖRÐUN

Harpa hóf störf hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP á Íslandi fyrir rúmum tveimur árum. Þar hefur hún hannað búninga fyrir hinn vinsæla tölvuleik EVE online, en í haust fékk hún atvinnutilboð hjá útíbúi fyrirtækisins í Atlanta sem hún gat ekki hafnað.

„Ég var búin að segja upp hjá CCP og var á leiðinni til Boston þar sem ég var búin að ráða mig hjá fyrirtækinu Harmonix sem framleiðir meðal annars Rockband-tölvuleikina. Kunningi minn, sem hannaði alla áprentunina fyrir Starkiller-línuna, vinnur þar og okkur langaði að vera nær hvort öðru til að geta fönðrað meira saman og skapað augnakonfekt í tísku og listum. Elskurnar mínar í CCP voru hins vegar ekki alveg á því að sleppa mér og buðu mér stöðu við að hafa yfirumsjón með klæða- og karaktersköpun í nýja netleiknum sem þeir eru að framleiða. Ég man að þegar þeir buðu mér út til að kanna aðstæður fékk ég símtal frá Krumma (Oddi Hrafni Björgvinsyni söngvara) sem sagði: „Nú er þetta búíð, bankarnir eru allir farnir á hausinn,“ en þá var ég á fimm stjörnu hóteli með kokkteil í hönd þannig að þetta hljómaði

[www.strengir.is](http://www.strengir.is)



Laxveiði  
Silungsveiði  
Skotveiði

VEIÐIÞJÓNUSTAN  
**Strengir**  
www.strengir.is  
símar: 567-5204 & 660-6890

\* bak við tjöldin

## Stjörnumerki:

Naut í Venus.

## Besti tími dagsins:

Morgunstund ef ég er útsofin, annars síðla kvölds.

## Geisladiskurinn í spilaranum:

Akkúrat núna er það Mariee Sioux.



**Uppáhaldsverslunin:**  
Kron Kron án efa!

**Uppáhaldsmaturinn:**  
Indverskur, mexíkóskur og víetnamskur.

**Líkamsræktin:**  
Baðhúsið ef ég er á landinu.

**Mesta dekríð:**  
Ég elska að láta fæða mig á góðri tónlist og góðum mat!

**Ég líft mest upp til:**  
Vivienne Westwood er

ótrúlegur karakter, hún hefur haldið sínum stíl í gegnum öll þessi ár, alltaf sami töffarinn og vilar það ekki fyrir sér að ná sér í gaur sem er 25 árum yngri á sextugsaldri! Algjör virðing!

## Áhrifavaldurinn?

Það fer eftir hvað við erum að tala um, myndlist, hönnun eða bara lífið almennt? Ég get ekki beint sagt að einhver ein manneskja eða atburður hafi haft einhver afgerandi áhrif, heldur meira samansafn af hlutum sem koma til manns í gegnum lífið.

## Draumafrið?

Ætli það sé ekki bara að keyra hringinn með kríunum.

Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara?

Allavega ekki dökku súkkulaði og þúrtvíni!



# U Í ATLANTA

ótrúlega fjarstæðukennt,“ segir Harpa sem seldi meirihlutann af búslóð sinni þegar hún kom til Íslands og flutti til Atlanta fyrir hálfu ári. „Þetta var erfið ákvörðun að taka, en ég er mjög sátt. Það hafði líka áhrif að það eru um tíu íslenskar fjölskyldur þarna sem standa mjög vel saman svo það er mikið öryggi og stuðningur í því. Það er bráðnaðsynlegt að komast í burtu öðru hverju því það er stundum eins og Ísland sé svona köngulóarvefur sem maður festist í og maður nær einhvern veginn ekki að komast áfram, maður er bara þessi ákveðna manneskja sem allir eru búnir að mynda sér skoðun á að sé svona og hinsegin þótt inni í sér sé maður einhvers staðar allt annars staðar. En ég elska Ísland og alla yndislegu vini mína og fjölskyldu sem ég sakna hræðilega mikið, en stundum þarf maður að fara burt til að átta sig á

Aðspurð segist Harpa ekki vera í föstu sambandi en hún var með Oddi Hrafni Björgvinssyni söngvaram í tvö ár, sem er betur þekktur sem Krummi í Mínus. „Við vorum hætt saman áður en ég fór, en vorum samt alltaf saman og eigum rosalega sérstök og sterk tengsl sem rofna aldrei. Ég var alveg að spá hvort ég ætti að taka hann með út, en hann er að gera svo mikið hér í tónlistinni og er á kafi í hinum ýmsu verkefnum svo það fór ekki svo,“ segir hún og brosir, „en vonandi kemur hann bráðum í heimsókn. Ég skora á hann hér og nú!“

## ALLAR DYR OPNAR

Spurð um framtíðaráform segir Harpa allar dyr opnar. „Ég verð nú að öllum líkindum áfram hjá CCP næstu árin, það er, held ég, ekki hægt að finna betri atvinnuveitendur, það er endalaust dekrað

þeir buðu mér út til að kanna aðstæður fékk ég ma sem sagði: „Nú er þetta búíð, bankarnir eru sinn,“ en þá var ég á fimm stjörnu hóteli með annig að þetta hljómaði ótrúlega fjarstæðukennt

hvað maður hefur það í rauninni helvíti gott hérna. Þá er maður rólegri í hjartanu þegar maður kemur aftur,“ segir hún og brosir.

## SUÐURRÍKJASTEMNING

Hörpu segist líka vel við nýju heimkynnin og er búin að koma sér vel fyrir. „Ég fann yndislegt hús í Atlanta, með risagarði og er búin að kaupa ruggustól á veröndina. Það er mjög notalegt að sitja þar á kvöldin með rauðvínsglas og hlusta á sönginn í engisprettunum, ekta Suðurríkjastemning. Ég kom til Íslands núna til að sækja börnin, en ég vildi að þau kláruðu skólann hér heima fram á vor. Nú eru þau orðin mjög spennt að flytja.“ segir Harpa um dóttur sína, Hrafnhildi Sunnu, sem er níu ára og son sinn, Aron Örn, ellefu ára.

við okkur, en það er best að halda dyrunum opnum og sjá hvað lífið færir manni,“ segir hún. Þegar ég kem aftur til Atlanta ætla ég að byrja á að breyta bílskúrnum mínum í góða vinnustofu og byrja aftur að mála í mínum frítíma, það er eitthvað sem ég hef ekki fundið tíma til að gera hér heima þar sem maður er alltaf á haus, ég stefni svo á að halda myndlistarsýningu í New York í haust,“ útskýrir hún.

„Ég gæti alveg hugsað mér að búa í New York einhvern tíma eða Kaliforníu, en ég held að það sé mjög gott að vera með fasta búsetu hérna á Íslandi. Annars held ég að það sé alveg sama hvar maður er, ef maður er að skapa eitthvað einlægt frá hjartanu sem vekur athygli held ég að heimurinn opnast fyrir manni.“



Virkar strax!  
Engin fituáferð

## PRODERM

technology®

### Njótið öryggis í sólinni allt að 6 klukkutíma sólvörn UVA-UVB

- ➔ Polir sjó, sund, þurrkun með handklæði, sand og leik\*
- ➔ Rennur ekki af með svita eða vatni, engir hvítir taumar

Húðin verður mjúk og fallega brún

- Verndar húðina gegn ertandi efnum\* og öldrun húðar
- Fyrir viðkvæma húð og sólarexem
- Fyrir börn og fullorðna
- Inniheldur ekki Zink oxide eða Titanium dioxide



\* Staðfest af Inveresk Research Inst. (criver.com) sem er óhlutdræg og ein virtasta rannsóknarstofa heims.

Fæst í apótekum og Fríhöfninni - [www.celsus.is](http://www.celsus.is)

# 5125050

Auglýsingasími

Mest lesið



FLOTTUST!

G-STAR RAW

OPIÐ FÖSTUDAG 11-18,  
LAUGARDAG 11-17.

REYKJAVÍK STORE, LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

operated by v8 ehf



g-star.com

© 2009 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

# tíðin

\* allt í pastellitum

**TIGER LILLIES** Breska tríóið Tiger Lillies sem kemur fram á Listahátíð í Reykjavík er þekkt fyrir einstök tónlistar-tilbrif og tvíráðan húmor, en tónlist þeirra er blanda af Berlínarkabarett millistríðsáranna, anarkískri óperu og sígauna-tónlist. Ekki láta þig vanta í Íslensku óperuna í kvöld.

**LOSTIN** Í leikritinu Lostin eru kannaðar tilfinningar sem við þurfum að takast á við í samböndum okkar. Leikritið er aðeins flutt af tveimur leikurum og byggt upp sem nokkrar ólíkar sögur og ördansverk. Ekki missa af áhugaverðu verki í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í kvöld.



**Rómantík** Rósir og rómantískir pastellitir verða áberandi í sumar.



Rómantískir augnskuggar í grásilfrúðu og antik-bleiku, „Silverthorn“ og „Of summer“

„Way to love“, rósbleikur, krem-aður varalitur.

„Loving touch“ er ljós-bleikt gegnsætt varagloss sem heldur vör- unum fallegum allan daginn.

„Blush of youth“ þúður gefur húðinni fagurbleikan ljóma.

„Just a pinch“ er gel kinnalitur sem gefur rósbleikan roða í kinnarnar.

Heitasta förðunin í sumar:

## Sykursæt rómantík

„Það er meiri rómantík í sumar en við höfum séð lengi,“ segir Björg Alfreðsdóttir förðunarmeistari um það vinsælasta í förðun í sumar. „Það eru í raun tvær típur í gangi, annars vegar er mikið um pastelliti og svo eru meiri öfgar og sterkari litir,“ útskýrir Björg. „Það er rosalega mikil áhersla á varir. Bleikir tónar út í fjólublátt verða áberandi og í rómantíska „lúkkinu“ eru þessar ljósu rósavarir. Húðin á að vera falleg og með mikinn ljóma, svolítið eins og hún sé raka- kennd, með þetta náttúrulega „Hollywood-glow“,“ segir Björg. „Á augun er mikið um pastelliti, svo sem bleikt, blátt og fjólublátt, en einnig verða sterkari litir sem er auðveldlega hægt að sníða að útliti hvers og eins, til dæmis með því að vera með eina línu af augnskugga sem eyeliner yfir augnlokið í stað þess að þekja það,“ bætir hún við. „Maður getur verið tvenns konar týpa með því að vera í rómantíkinni í miðri viku og skipta svo yfir í gyðjuna um helgar þegar maður er að fara eitt- hvað. Bæði „lúkkin“ sem eru í gangi henta því alveg sömu manneskjunni og allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

- ag



**TOPP 10**

## INGA LIND KARLSDÓTTIR sjónvarpskona

**SÓGLERAUGUN** Ég þyki vist eiga frekar mörg sólgleraugu en þessi eru í sérlegu uppáhaldi núna.



**TRAMPÓLÍNID** er nýjasta tólið á bænum. Þarna geymi ég hoppandi börnin mín nú daginn langan og stelst svo til að skoppa sjálf inn á milli. Fáránlega gaman.

**TÖLVAN MÍN** Ég elska tölvuna mína. Hún er svo lítil og létt að ég kem henni fyrir hvar sem er. Svo er hún ótrúlega hraðvirk.

**SAGE-EINHENDAN** Ég er búin að eiga þessa Sage-einhendu í mörg ár og veiða marga laxa á hana.



**BARNAVAGNINN**



**NÝJA UPPÁHALDSFLÍKIN**




**ÞJÓFAVARNAKERFIÐ**



**ÞURRKARINN**



**TUPPERWAREDÓT**



**PIÁNÓID**

**HÓTEL STJÓRNUN**

**NÁM Á HÁSKÓLASTIGI**

**Viltu starfa á alþjóðavettvangi?**

*Cesar Ritz*

**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

**www.mk.is**

Nánari upplýsingar á [www.cesarritz.is](http://www.cesarritz.is) og á skrifstofu skólans í síma 594 4000

Spennandi námsmöguleiki fyrir nemendur sem lokið hafa stúdentsprófi og/eða iðnnámi í matvælagreinum. Nemendur útskrifast með Diplóma í Hótel og veitinga- rekstri og geta í framhaldi lokið BS námi í Sviss.

**INNRIÐUN STENDUR YFIR!**

algjört möst

1

Avoplex-dropar frá Opi mýkja naglaböndin og gefa nöglunum næringu.



Hægðu á öldrum húðarinnar með Youth Surge-kreminu frá Clinique.

3

Græðir er lífrænt krem sem passar vel í veskið og er einstaklega græðandi.



4

Gerðu varirnar ómótstæðilegar með Cremsheen glass-gljáanum frá MAC.



5

Dekraðu við hárið með sjampói og hármæringu frá L'Occitane.

# Mikilvægasta máltíð dagsins



## Forðast þú aukæfni í mat? En í snyrtivörunni!

Það skiptir jafnmiklu máli hvað þú setur á húðina, og það sem þú borðar. Aubrey Organics hefur framleitt hágæða náttúrulegar snyrtivörur í yfir 40 ár. Núna eru þeir byrjaðir að framleiða þessa frábæru sólarvörn sem hentar öllum húðgerðum. Allar varnirnar vernda gegn UVA/UVB geislum sólarinnar.

- SPF 8 létt vörn með góðum raka og PABA filter
- SPF 10 frábær vörn í spray formi, fyrir andlit og líkama, sniðugt að hafa í töskunni þegar hitnar
- SPF 20 lyktarlaus vörn, fyrir viðkvæma húð
- SPF 25 sólarvörn fyrir útivistarfólk, heldur húðinni rakafullri klukkutímum saman
- SPF 25 fullkomin vörn fyrir börn og fullorðna, semi vatnsheld
- After-sun áburður fyllir húðina raka eftir heita daga í sól, sundi og hita
- Aloe vera gel, ekkert er betra til að kæla húðina eftir sólardaginn, gert úr 98% lífrænu Aloe vera

Hugsaðu um hvað þú berð á húðina þína og barnanna þinna!!!



## FÓLK SEM HEFUR BREYTT LÍFI MÍNU

Árni Beinteinn Árnason, leikari og kvikmyndagerðarmaður

„Fyrir utan auðvitað mömmu, systkini hennar, pabba, Denna og öll systkini mín eru þeir sem hafa haft mest áhrif á mig gegnum tíðina fólk sem hefur stutt mig þegar ég þurfti mest á því að halda og þeir sem hafa tekið þátt í bjástrinu mínu. Fyrstar má þar nefna yndislegu leikskólakennarana á Sæborg þar sem Kristjana gróðursetti söng í hjarta mér og Bryndís fósra hafði alltaf trú á mér. Svo var það auð-

vitað Þóra dreki í þarnæsta húsi þar sem ég átti alltaf öruggt athvarf.

Fólki sem hefur komið fram við mig af skilningi og kennt mér heilmikið á ég mikið að þakka, eins og Ara Kristinssyni og Marteini í Kvikmyndaskóla krakk-



anna. Fólk sem hefur breytt lífi mínu og látið allt taka óvænta stefnu eins og Þórhildur leikstjóri sem réð mig í fyrsta hlutverkið mitt og svo allt það góða fólk sem hefur á einhvern hátt skotið mér áfram og þar af leiðandi mótað mig gegnum tíðina.“

ÁHRIFA-  
valdurinn



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Kitty von Sometime í  
Weird Girls Project



Vakna við Teas-  
made-vekjara-  
klukkuna mína  
sem er frá 1960  
og býr til te.




Fer út og vökva grænmetið  
sem er að vaxa í garðinum.



Geng meðfram  
Sæbrautinni á Gráa  
köttinn og fæ mér  
dögurð með vinum  
og fjölskyldu.



Fer í Góða  
hirðinn og finn  
eitthvað ódýrt.



Elda japanskt gyoza  
í kvöldmat og enda  
daginn á kvöldgöngu  
með manninum mínum  
meðfram ströndinni  
í kvöldsólinni.

**Pykkvabæjar**

forsóðnar  
**Skyndikartöflur**

**FRÁBÆRAR  
OG FLJÓTLEGAR**

Tilbúnaðar á örfáum mínútum  
– brúnaðar, gratíneraðar, steiktar á pönnu,  
brytjaðar í salat eða einfaldlega hitaðar í potti eða örbylgjuofni.  
Leiðbeiningar á umbúðunum.

**Pykkvabæjar  
Alltaf góðar, allavega!**

ARGUS / 06-9667











# Merktar með fánarönd

Garðyrkju- og blómaframleiðendur fara ýmsar leiðir til að bæta þjónustu við viðskiptavinum sína. Merkingar og nýjar leitarvélar eru liður í því, segir formaður Félags garðplöntuframleiðenda.

„Íslensk garðyrkja auðkennir framleiðslu sína með fánaröndinni,“ segir Vernharð Gunnarsson, formaður Félags garðplöntuframleiðenda og eigandi Gróðrarstöðvarinnar Stórðar við Dalveg í Kópavogi, beðinn um að lýsa því hvernig best sé að þekkja íslenskar plöntur.

„Fyrir nokkru var gert átak meðal íslenskra garðyrkjubænda svo þeir merktu sína vöru,“ segir hann og vísar til þess að öll afskorin blóm og pottaplöntur eigi að vera vel merkt. „Viðskiptavinurinn á ekki að vera í vafa um hvaðan varan kemur.“

Spurður hvort mikið sé um innfluttar plöntur og blóm á markaðnum þetta misserið segir hann: „Innflutningur hefur vissulega minnkað í ár en það er alltaf eitthvað flutt inn, og þá aðallega plöntur sem ekki er unnt að rækta hér á landi.“

Vernharður bendir á að Félag garðyrkjubænda hafi jafnframt



Sumarblóm eru mikið keypt í ker og potta og eru hengiblóm sérstaklega vinsæl, að sögn Vernharðs Gunnarssonar.

nýverið opnað vefsíðuna [www.gardplontur.is](http://www.gardplontur.is) til að bæta þjónustuna, en þar má lesa sér til um ýmsan fróðleik, eins og hversu mikinn vind planta á að þola eða í hvernig litum potti tiltekin blómategund er fánleg svo eitthvað sé nefnt. Leitarvélin ætti að koma sér vel fyrir þá sem vilja ganga úr skugga um hvort sú blómategund eða garðplanta sem þeir ætla að fá sér í garðinn eða á pallinn henti skilyrðum þar.

Að sögn Vernharðs hefur Félag garðplöntuframleiðenda einnig verið að vinna að stóru verkefni

sem kallast Yndisgróður. „Það gengur út á að skilgreina allar garðplöntur sem til eru á landinu og finna út hvort hægt sé að bæta úrvalið.“

Verkefnið er komið í umsjá Landbúnaðarháskóla Íslands enda hugsað sem langtímaverkefni. „Þetta er gert í þágu viðskiptavinarins til að hann fái bestu plöntur sem hægt er að rækta við íslenskar aðstæður,“ segir hann. „Þegar ræktaðar eru plöntur og blóm verður maður að gæta þess vel að ekkert fari úrskildi. Enda nést ekki öðruvísi góður árangur.“

WWW.NORMX.IS

NORM-X



Norm-X hefur sérhæft sig í framleiðslu heitra potta frá 1982 sem hentar íslenskum aðstæðum einstaklega vel og ætlaðir fyrir hitaveituvatn. Við bjóðum einnig allan tengibúnað, nudd, ljósabúnað og tvær gerðir af lokum. Lok, fljótandi veitingabakka og m. fl. Við seljum einnig kamínur verð kr. 43.900



Auðbrekka 6, 200 Kópavogur, Iceland

Tel: +354-565-8899, GSM +354-863-9742, Fax: +354-565-8892, Email: [normx@normx.is](mailto:normx@normx.is)

# Ný þjónusta fyrir garðeigendur!

## Tvær grænar leiðir að sama marki

Gámabjónustan hf býður nú þjónustu við garðeigendur á höfuðborgarsvæðinu á söfnun garðaúrgangs með tveimur mismunandi leiðum, Garðapoka og Garðatunnu.

**Garðapokinn** er veglegur og traustur plastpoki fyrir garðaúrgang. Þeir eru seldir 5 stk. í pakka og er hirðing pokanna ásamt innihaldi innifalin í verði. Þú pantar Garðapokinn á [www.gardapokinn.is](http://www.gardapokinn.is), færð staðfestingu á pöntun og við sendum þér síðan pokana heim.

Þegar þú pantar hirðingu á pokunum ferðu inn á [www.gardapokinn.is](http://www.gardapokinn.is) og fyllir út beiðni. Einnig er hægt að hringja í síma 535 2520 og panta hirðingu. Í báðum tilfellum verða pokarnir sóttir samkvæmt áætlun sem hægt er að sjá á heimasíðunni.

**Garðatunnan** er 240 lítra tunna sem íbúar gerast áskrifendur að. Þú pantar Garðatunnuna á [www.gardatunnan.is](http://www.gardatunnan.is), fyllir út beiðni og tunnan verður send til þín. Hún er losuð á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og er hægt að sjá losunardaga á [www.gardatunnan.is](http://www.gardatunnan.is).



## Námskeið í greiningu íslenskra plantna

„Skaftafell er sá staður á landinu þar sem gróður lifnar einna fyrst. Þar er fjölskrúðug flóra enda hefur svæðið verið friðað fyrir beit í aldarfjórðung,“ segir Þóra Ellen Þórhallsdóttir, líffræðingur og prófessor við Háskóla Íslands. Hún verður leiðbeinandi á námskeiði hjá Endurmenntun HÍ sem nefnist Íslenskar plöntur og plöntuskoðun. Námskeiðið verður haldið í Þjóðgarðinum í Skaftafelli dagana 19. til 21. júní.

„Námskeiðinu er ætlað að hjálpa áhugasömum að njóta náttúrunnar og þekkja plöntur,“ segir Þóra Ellen en um 500 háplöntu-tegundir er að finna hér á landi og segir Þóra að það vaxi fólki oft

í augum að byrja. „Það er auðvelt að bæta við þekkingu sína sjálfur þegar maður er kominn með grunninn en fólki finnst svolítið bratt að stíga fyrstu skrefin,“ segir hún en á námskeiðinu verður farið í gegnum hvernig hægt er að greina tegundir, hvaða aðferðir eru notaðar og hvernig megi nota handbækur. „Síðan fræði ég fólk um vistfræði plantnanna, lífsferil og æxlun,“ segir Þóra Ellen og segir að lokum: „Það eykur mjög ánægju þess sem er gangandi í íslenskri náttúru að þekkja plönturnar í henni.“

Nánari upplýsingar um náms-tilhögun á [www.endurmenntun.is](http://www.endurmenntun.is).

-sg



Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor kennir námskeið um íslenskar plöntur í Skaftafelli í júní.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Guðrún segir sjálfsgagt mál að taka á móti gestum sem vilja skoða fiskana, en þeir búi sannarlega vel. Meðal annars gangi út í tjörnina vatnsslanga í trjádrumbi sem haldi vatninu ávallt fersku.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Veitir okkur ómælda gleði

Fólk gerir ýmislegt til að fegra garðinn sinn. Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskólans í Reykjavík, og eiginmaður hennar fóru þá leið að útbúa litla fiskitjörn á lóð sinni.

„Þessi tjörn er örugglega búin að vera hérna í garðinum í ein fimmtán ár. Á þeim tíma hefur hún veitt okkur hjónunum ómælda gleði,“ segir Guðrún.

Spurð út í tilurð tjarnarinnar segist hún vera mikið gefin fyrir vatn og manninum sínum þyki afskaplega gaman að hafa fiska. Þau hafi því orðið sammála um að búa til tjörn í miðjum garðinum, þar sem gullfiskar viðhafast á sumrin

en eru fluttir í innibúr þegar veturinn nálgast. „Þeim leiðist auðvitað heil ósköp inni,“ segir Guðrún. „Vilja helst vera úti þar sem þeir geta leikið sér og fengið nóg af lirlfum að éta. Þetta er náttúrlega góð matarkista, sem sést bara af því hve mikið þeir stækka yfir sumarið.“

Að hennar sögn líta þó fleiri á tjörnina sem matarkistu, meðal annars hundar, kettir og svo mávar sem veigra sér ekki við hremma fiskana um leið og færi gefst. „Þeirra vegna þurftum við

að breyta tjörninni, meðal annars með því að skipta um dúk og dýpka hana svo þeir ættu sér eitt hvert skjól.“

Þótt ekki hafi alltaf gengið átakalaust fyrir sig að viðhalda lífinu í tjörninni, segir Guðrún ánægjuna ofar öðru. „Til að mynda fyllist garðurinn stundum af krökkunum úr nágrenninu sem fá að koma hingað með vini sín til að skoða hana og fiskana.

Aðdráttaraflíð er mikið bæði fyrir menn og dýr. Hún hefur gert heilmikið fyrir okkur.“

-rve



„Íslensk blóm eru harðgerð, kröftug og fersk.“

Björn Sigurbjörnsson, garðyrkjumaður.

ISLENSK SÍLAIS SGB 40296 06/09



Til að mæta aukinni eftirspurn gerði Reykjavíkurborg nýverið samning við Garðyrkjufélag Íslands um grenndargarða við Stekkjarbakka.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mikill áhugi á matjurtarækt

Áhugi á matjurtarækt hefur stórukaust að undanförunu en Reykjavíkurborg leigir út þó nokkurn fjölda matjurtagarða.

Til að mæta aukinni eftirspurn gerði hún auk þess samning við Garðyrkjufélag Íslands um grenndargarða til matjurtaræktar við Stekkjarbakka. Borgin lét Garðyrkjufélaginu í té 2.500 fermetra svæði auk þess sem hún tryggir aðgengi að vatnslögn til vökvunarlands. Búast má við um það bil 50 til 80 görðum á svæðinu en Garðyrkjufélagið mun annast útleigu garðlanda. „Ég veit að margir Reykvíkingar eru spenntir að koma áhugamáli sínu um matjurtarækt í framkvæmd, þessi samningur ætti að styðja vel við þann áhuga,“ sagði Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, formaður umhverfis- og samgönguráðs, þegar samningurinn var undirritaður.

Þá leigir borgin út tvö hundruð garða í Skammadal auk þess sem 50-80 matjurtagarðar eru í lausum görðum í Skólagerðum um Reykjavík vða um bæinn. Þó nokkrir biðlistar hafa myndast en nánari upplýsingar er að finna á [www.umhverfissvid.is](http://www.umhverfissvid.is).

-ve

íslenskar  
garðplöntur



# Premur veitt silfurmerki SVFR

Silfurmerki Stangaveiðifélags Reykjavíkur voru afhent á sjöttu ára afmælishátíð félagsins fyrir skömmu. Hefð er fyrir því að fyrrverandi stjórnarmönnum SVFR sé veitt silfurmerki fyrir vel unnin störf og að þessu sinni voru Arthur Bogason og Loftur Atli Eiríksson heiðraðir. Að auki var Sigurði Guðjónssyni, forstjóra Veidimálastofnunar, veitt silfurmerki sem þakklætisvottur fyrir gæfuríkt samstarf stofnunarinnar og SVFR í gegnum tíðina.



VEL UNNIN STÖRF Guðmundur Stefán Mariasson, formaður SVFR, Sigurður Guðjónsson, Loftur Atli Eiríksson og Arthur Bogason. MYND/PORSTEINN ÓLAFS

Þeir Loftur Atli og Arthur eru fyrrverandi stjórnarmenn Stangaveiðifélags Reykjavíkur; Arthur lét af störfum árið 2003 en Loftur gegndi stjórnarmennsku til ársins 2007.

Sigurður Guðjónsson hefur átt langt og gæfuríkt samstarf við stangaveiðimenn og Stangaveiðifélag Reykjavíkur í starfi sínu hjá Veidimálastofnun.

Frétt af [www.svfr.is](http://www.svfr.is)

# Leita að myndum úr Lágafellskirkju

Nú er unnið að afmælisriti um Lágafellskirkju, sem átti 120 ára afmæli fyrr á þessu ári. Af þeim sökum er sóst eftir gömlum myndum af utan- og innanverðri kirkjunni, ekki síst frá árinu 1956 þegar hún var stækkuð.

Vafalaust hafa slíkar myndir, ef til eru, verið teknar við athafnir í kirkjunni, svo sem skírn, fermingu, brúðkaup eða jarðarför, og gætu því leynst í myndasöfnum viðkomandi fjölskyldna.

Það væri umsjármönnum hins fyrirhugaða afmælisrits mikill akkur ef myndir af þessu tagi myndu fundast og leyfð yrðu afnot af þeim í þessu samhengi.

Vinsamlega hafið samband við: Birgi D. Sveinsson í síma 566 6174 eða með því að senda póst á netfangið [birgird@ismennt.is](mailto:birgird@ismennt.is). Nú, eða með því að hafa samband við Sigurð Hreiðar í síma 566 6272 eða senda póst á netfangið [auto@simnet.is](mailto:auto@simnet.is).



Í TILFNI AFMÆLISINS Leitað er að myndum af kirkjunni fyrir afmælisrit sem verður gefið út um hana á árinu.

MYND/ÚR EINKASAFNI

**sloggi men**

**NYTT**  
Sloggi fyrir herrana  
2 stk í pk  
kr. **2990**

Útsölustaðir:  
Hagkaup, útsölustaðir um land allt., Lyfja, útsölustaðir um land allt., Fjarðarkaup, Versl., Einars Ólafssonar, Akranesi, Blómsturvellir, Hellissandí, Kaupfélag V-Húnavetninga, Hvammstanga. Skagfirðingabúð, Heimahornið, Stykkishólmi, Palóma, Grindavík. Efnalaug Vopnafjarðar.

# ☆ Benidorm

- Allt innifalið\*

## Hotel Flamingo ☆☆☆

ALLT INNIFALIÐ\* Verð frá: **93.326 kr.**

Brottför 20 júní í viku í íbúð með 1 svefnherbergi fyrir 2 fullorðna og 2 börn.

\* Morgunverður, hádegisverður og kvöldverður með innlendum drykkjum. Snarl milli mála, kökur og kaffi og ís fyrir alla. Barnadagskrá er bæði um daginn og á kvöldin.

SUMAR  FERÐIR

...eru betri en aðrar

# Helgar

## FRÉTTABLAÐIÐ



# blað

alla laugardaga

### Helgarblaðið:

Græna búsáhaldabyltingin  
- hvernig nýta á fífilinn í garðinum og  
aðrar ókeypis jurtir.

Það er of auðveld leið að setja á  
þjónusugjöld fyrir sjúklinga segir Hulda  
Gunnlaugsdóttir forstjóri Landspítalans



### Fjölskyldan:

Leynistaðir til lautarferða. Bestu  
piknikkstaðirnir á höfuðborgarsvæðinu.



### Heimili og hönnun:

Kaffihús innréttuð með gömlum munum.

Allt sem þú þarft



**NOKKUR ORÐ**  
Freyr Gígja  
Gunnarsson

## Augnablik, afsakið hlé

Í þá gömlu góðu daga, þegar sjónvarpið hafði ekki allan sinn fullkomna tækjabúnað, kom stundum lítið og fallega blátt skilti þar sem á stóð „Afsakið hlé“. Yfirleitt hafði textavélin brugðist, íslenska þýðingin var á eftir eða á undan og þrátt fyrir heidarlega tilraun tæknimannsins á fastforward eða backwardtakkanum fór allt úr skorðum og sjónvarpsáhorfendur voru beðnir velvirðingar á mistökunum með þessum tveimur orðum: „Afsakið hlé“. Enn fremur rámar mig í að stundum hafi íþróttapúllir þurft að grípa til orðalagsins að tæknin væri eitthvað að stríða þeim. Og svo hvarf myndin og eftir sat þulurinn, sveittur og þreyttur.

Maður hefur einhvern veginn á tilfinningunni að stjórnmálamenn óskuðu einskis heitar en að þeir hefðu skilti sjónvarpsins í sínum förum. Að framan á Alþingishúsið væri búíð að hengja risastórt neon-skilti með þessum orðum sem íslenska þjóðin

þekkir svo vel og hefur fullan skilning á: „Afsakið hlé“. Fólk gæti bara skipt um stöð eða stokkið frá eða gripið sér eitthvað til að narta í. Þegar það settist aftur að skjánum væri bara allt komið í lag. Textinn væri á sínum stað og Matlock eða Derrick skreyttu skjáinn með eðlilegum hætti.

Mann grunar að suma stjórnmálamenn dreymi um að geta brugðið fyrir sig frasanum sem Bjarni Fel. gerði nánast ódauðlegan á Ólympíuleikunum í Seoul 1988; að tæknin væri eitthvað að stríða þeim. En því miður, fyrir þessa lýðræðislega kjörnu fulltrúa, fer fyrir þeim eins og íþróttáfréttamönnum forðum daga, myndin af Ólympíuleikvanginum hverfur og við þjóðinni blasa sveittir og þreyttir þingmenn.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

### Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Fös 29/5 kl. 18:00	Lau 6/6 kl. 14:00	Lau 13/6 kl. 17:00
Lau 30/5 kl. 14:00	Lau 6/6 kl. 17:00	Sun 14/6 kl. 14:00
Lau 30/5 kl. 17:00	Sun 7/6 kl. 14:00	Sun 14/6 kl. 17:00
Fim 4/6 kl. 18:00	Sun 7/6 kl. 17:00	Sun 30/8 kl. 14:00
Fös 5/6 kl. 18:00	Lau 13/6 kl. 14:00	Sun 30/8 kl. 17:00

### Frida... viva la vida (Stóra sviðið)

Fös 11/9 kl. 20:00	Lau 19/9 kl. 20:00	Fös 2/10 kl. 20:00
Lau 12/9 kl. 20:00	Fös 25/9 kl. 20:00	Lau 3/10 kl. 20:00
Fös 18/9 kl. 20:00	Lau 26/9 kl. 20:00	

### Vínland - athyglisverðasta áhugaleiksýningin oð/og (Stóra sviðið)

Fös 12/6 kl. 20:00

Aðeins ein sýning, tryggð ykkur sæti í tíma

### Dreams 2009 - alþjóðleg döff leiklistarhátið (Kassinn)

Fös 29/5 kl. 20:00

Lau 30/5 kl. 20:00

Í samstarfi við Draumasíðjuna

### Ó, þú aftur - afmælisýning leikhópsins Hugleiks (Smiðaverkstæðið)


Fös 29/5 kl. 20:00

Snartp sýningatímabil - miðaverð aðeins 1.500 kr.



## Ný saga frá Murakami

Ný skáldsaga eftir japanska rit höfundinn Haruki Murakami kemur út í Japan í dag. Hún er prentuð í 480 þúsund eintökum og hefur söguþráðurinn og söguheitið farið lágt en mikill spenningur er hjá aðdáendum skáldsins. Vitað er að pöntunarheiti sögunnar er IQ84, sem má lesa sem 1984 á japönsku. Þá hefur lekið að sagan lýsi árangurslausri leit karlmanns og konu hvors að öðru. Í sögunni, sem hleypur til og frá í tíma og rúmi, milli hugsana og ytri lýsinga, sé að finna hugleiðingar skáldsins um ást og fjölskyldu, trú og ofbeldi. Mikið sé um sögulegar vísanir í verkinu.



**BÓKMENNTIR**  
Haruki Murakami

Murakami er sextugur og hefur ekki sent frá sér bók í fimm ár ef frá er talin ritgerð hans um maraþonhlaup sem víða birtist í fyrri. Hann kom fyrir fáum árum hingað á bókmenntahátíð og hafa margar sögur hans verið þýddar á íslensku úr enskum þýðingum. Enn er ekki ráðið hvenær nýja sagan kemur út á ensku og þá síður hvenær vænta má íslenskrar þýðingar.

Murakami er sextugur og hefur ekki sent frá sér bók í fimm ár ef frá er talin ritgerð hans um maraþonhlaup sem víða birtist í fyrri. Hann kom fyrir fáum árum hingað á bókmenntahátíð og hafa margar sögur hans verið þýddar á íslensku úr enskum þýðingum. Enn er ekki ráðið hvenær nýja sagan kemur út á ensku og þá síður hvenær vænta má íslenskrar þýðingar.

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 29. maí 2009

#### → Tónleikar

**21.00 Sudden Weather Change** og **Reykjavík!**, verða á Gamla Bauk við Hafnarstétt 9 á Húsavík. Aðgangur er ókeypis.

**21.00 KK** verður með tónleika í sal Menntaskóla Borgarfjarðar við Borgarbraut 54.



**22.00 Einar Ágúst** flytur eigið efni í bland við annarra á Kaffi Akureyri við Strandgötu á Akureyri.

**22.00 Hljómsveitin B.Sig** heldur tónleika á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

**22.30 Hljómsveitirnar Kímono, Rökkurró** og **Me, The Slumbering Napoleon** verða á Grand Rokk við Smiðjustíg. Húsið opnar kl. 22.

#### → Fyrirlestrar

**16.30 Landslagsarkitektinn Helle Nebelong** flytur erindið „Hannað út frá upplifun barna“ í sal 104 á Háskólatorgi við Sæmundargötu 4. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

#### → Handverkssýning

Handverkssýning **eldri bæjarbúa á Selbjarnarnesi** verður haldin í Félagsmiðstöð aldraðra að Skólalátt 3-5. Opíð í dag kl. 13-18. Allir velkomnir.

#### → Blúshátíð

Blúshátíðin **Norden Blues Festival** fer fram í Rangárvallasýslu um hvítasunnuhelgina (29.-31. maí). Nánari upplýsingar á [www.midi.is](http://www.midi.is).

#### → Bjartir dagar

Hátíðin **Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði 28. maí-7. júní. Dagskráin í heild og nánari upplýsingar á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).



**20.00 Söngkonurnar í Sopranos** flytja fjöruga söngleikjatonlist, gamlar dægurperlum og ástarsöngva á tónleikum í Hafnarborg við Strandgötu.

**Nordia 2009**, norræn frimerkjasýning í Íþróttahúsi Hafnarfjarðar við Strandgötu, verður opin kl. 13-18, 29.-31. maí.

#### → Tónlistarhátíð

**AIM Festival 2009**, alþjóðleg tónlistarhátíð á Akureyri. Nánari upplýsingar [www.aimfestival.is](http://www.aimfestival.is).

**21.00 Hjalmar** og **Retro Stefson** verða á Græna Hattinum við Hafnarstræti 96.

**00.00 TFA Party Zone** á Sjallanum við Geislagötu.

Upplýsingar um viðburði sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is)

# Létt yfirbragð og fjölbreyttar útsetningar

Það var greinilegt á stemningunni í Íslensku óperunni á miðvikudagskvöldið að áhuginn var mikill fyrir samstarfi hljómsveitarinnar Hjalतालín og hljómsveitarstjórans Daníels Bjarnasonar. Það kemur ekki á óvart, Hjalतालín er ein af hæfileikaríkustu popphljómsveitum sem komið hafa fram á Íslandi síðustu ár og leið Daníels í klassísku deildinni hefur stöðugt legið upp á við.

Tónlist Hjalतालín hefur stundum verið kölluð kammerpopp vegna útsetninganna og hljóðfæraskipaninnar. Í henni mætist popp og klassík þannig að maður vissi að þetta yrði ekkert vandræðalegt kvöld, en það var spennandi að sjá hvað Hjalतालín gerði með þrettán manna kammer-sveit sér til fulltingis. Og útkoman kom á óvart. Það sem stendur upp

### TÓNLEIKAR

#### Hjalतालín með kammer-sveit

Listahátíð í Reykjavík

Íslenska óperan, 27. maí

★★★★

Niðurstaða: Hjalतालín, stjórnandinn Daníel Bjarnason og þrettán manna kammer-sveit nýttu Listahátíðartækifærið vel og buðu upp á fjölbreytta og skemmtilega tónleika.

úr er hvað útsetningarnar voru fjölbreyttar og hvað yfirbragðið var létt og afslappað. Það hefði svo vel verið hægt að taka þetta ofsafína Listahátíðartækifæri allt of alvarlega.

Tónleikarnir hófust á nýrri

útsetningu á laginu Trailer Music af hinni frábæru plötu Hjalतालíns, Sleepdrunk Seasons. Sú útsetning virkaði frekar losaraleg og gerði lítið fyrir lagið, en margt af því sem á eftir kom virkaði hins vegar mjög vel. Útsetning Daníels Bjarnasonar á laginu I Lie var til dæmis mjög falleg og áhrifarík og útsetning Hjartar Ingva Jóhannssonar á The Trees Don't Like The Smoke var gáskafull og skemmtileg. Um það bil helmingur dagskrárinnar á tónleikunum var ný lög og mörg þeirra frábær. Eins og áður segir var fjölbreyttnin töluverð. Á köflum minntu útsetningar á kvikmyndatónlist, annars staðar voru áhrif frá söngleikjatonlist augljós og gott ef það sveif ekki smá Bítlaandi yfir vötnum á stöku stað líka til dæmis



í loklaginu fyrir hlé þar sem fjögurra drengja kór bættist í hópinn. Útsetningarnar af gömlu Hjalतालín-lögnum voru ekki endilega betri heldur en frumgerðirnar, en öðruvísi og það er það sem skiptir máli á svona tónleikum. Hrifnastur var ég samt af nýja efninu. Maður er orðinn virkilega spenntur að heyra næstu plötu.

Trausti Júlíusson



# Útsölu-markaður Next hefst í dag í Skeifunni 17

Ótrúleg verð! Þú tekur 3 flíkur en borgar aðeins fyrir 2 - á 40% afslætti!

Fyrstir koma fyrstir fá!  
Opíð alla daga 12:00 - 18.00

next



**AÐEINS  
PESSA  
HELGI**

# EPC900

## EEE FARTÖLVUTILBOÐ

Asus eee er örsmá og fislétt fartölva sem er aðeins 1.1kg með 9" skjá, þráðlausu neti og rafhlöðu sem endist í allt að 5 tíma.

- Intel Atom N270 1.6GHz örgjörvi
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 9" WSVGA 1024x600 skjár
- 256MB Intel GMA 950 skjástýring
- Kortalesari, 3xUSB, VGA, ofl. tengi
- 54Mbps þráðlaust net og netkort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows XP home, ritvinnsla ofl.

# ASUS

**59.900**



**AÐEINS  
PESSA  
HELGI**

# ACER 5630Z

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA CrystalBrite skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps þráðlaust net
- Windows VISTA Home Premium

**89.900**



# GIGABYTE

## M7700 ÞRÁÐLAUS MÚS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Örsmár Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stillanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**



**HDMI  
1080i**  
NÆSTA KYNSLÓÐ  
SJÓNVARPSFLAKKARA

# 500GB HDMI EDITION 1080i

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**29.900**

750GB AÐEINS 34.900



**20%  
AFSLÁTTUR**  
AÐEINS PESSA  
HELGI

**FARTÖLVUTÖSKUR**



**20%  
AFSLÁTTUR**  
AÐEINS PESSA  
HELGI

**MINNISLYKLAR**



**20%  
AFSLÁTTUR**  
AÐEINS PESSA  
HELGI

**MÓÐURBORÐ**

Birt með fyrirvar um breytingar, prentvillur og myndbrenni

### OPNUNARTÍMAR

**OPIÐ Í DAG**  
10:00 - 18:30  
**Á LAUGARDAG**  
11:00 - 16:00



# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • [www.tolvutek.is](http://www.tolvutek.is)

# GLÆSILEG HELGARTILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM



ÁÐEINS  
ÞESSA  
HELGI



22"  
BENQ G2220HDA  
LCD SKJAR  
29.900

ÁÐEINS  
ÞESSA  
HELGI



1TB  
WD ELEMENTS  
HARÐISK FLAKKARI  
17.900

MEÐAN  
BIRGÐIR  
ÉNDAST



1.60GB  
COOLMAX HARD-  
DISK HYSING  
9.990

FRÁBÆR  
HELGARTILBOÐ

FJÖLDI AF FRÁBÆRUM  
TILBOÐUM ÁÐEINS  
ÞESSA HELGI

GLÆSILEG  
VERSLUN  
Í BORGARTÚNI 31





## Lostalítið líf

Kiefer Sutherland ræddi við bresku útgáfuna af Elle um samband sitt og Juli Roberts. Eins og frægt er orðið stakk Julia leikarann af, nánast uppi við altarið, og skildi hann eftir í sárum. Hún gaf þá skýringu að Kiefer hefði bæði verið ungur og heimskur en nú hefur stjarnan úr sjónvarpsþáttunum 24 svarað fyrir sig.

Í viðtalinu við Elle segir Kiefer nefnilega að eftir að fjarað hafi undan ástarlífi þeirra hafi sambandið í raun og veru dáðið. Hann viðurkennir þó að hann hafi fundið fyrir mikilli hrifningu en hún hafi fljótlega horfið. „Ég vildi reka hestabúgarð í Montana en hún var vinsælasta leikkona heims. Við höfðum ólíkan skilning á því hvað við vildum. En við vorum líka



**ENGIN ÁSTRÍÐA** Ástæðan fyrir sambandslitum Kiefer Sutherland og Juli Roberts var sú að ástríðuna vantaði.

miklu meiri vinir en elskendur,“ sagði Kiefer.

## Lohan á heima fjarri Ronson

Michael Lohan, faðir leikkonunnar Lindsay Lohan, er ekkert sérstaklega orðvar maður enda er hann grundaður um að hafa hótad unnustu sinni lífláti. Lohan fer heldur ekkert í kringum hlutina þegar kemur að dóttur hans, því nú hefur Michael lýst því yfir að ef Lohan snúi aftur í faðm fyrrverandi kærustu sinnar, Samönthu Ronson, hverfi stjarna hennar eins og döggi fyrir sólu. Michael lýsti jafnframt yfir ánægju sinni með þá ákvörðun dóttur sinnar að halda sig fjarri plötusnúðnum. Þetta kemur fram í New York Post.

„Lindsay býðst nú annað tækifæri til að glæða feril sinn lífi. En ef hún snýr aftur til Samönthu er sá möguleiki fyrir bít,“ sagði Michael við fjölmiðlamenn, skömmu eftir að hann yfirgaf dómsal í New York til að hlýða á ákærur er varða líflátshótunina.

Michael virðist hafa svör á reiðum höndum því hann var ekki lengi að útskýra hvers eðlis það mál væri, allt væri þetta byggt á misskilningi sem of flókið mál væri að fara út í. „Ég er alveg sannfærður um að málið verður látið niður falla,“ sagði Michael kampakátur.



**NÝTT UPPHAF** Lindsay Lohan reynir nú að koma ferli sínum af stað og pabbinn telur lykिलinn að því liggja í fjarveru frá Samönthu Ronson.



**MEG WHITE** Trommari rokkdúettsins The White Stripes hefur gengið í hjónaband.

## Meg White í hjónaband

Meg White, trommari rokkdúettsins The White Stripes, hefur gengið í hjónaband með unnusta sínum Jackson Smith. Hann er sonur söngkonunnar Patti Smith og gítarleikarans sáluga Fred „Sonic“ Smith úr rokksveitinni MCS.

Athöfnin fór fram í Nashville á heimili Jacks White, hins meðlims The White Stripes og fyrrverandi eiginmanns Meg. Þau voru gift í fjögur ár en skildu árið 2000. Jack Lawrence, bassaleikari The Raconteurs og The Dead Weather, sem eru hliðarverkefni Jack White, gifti sig einnig við sama tækifæri. The White Stripes hefur verið í frii undanfarin tvö ár en hyggur á tónleikahald á næstunni.



**MARILYN MONROE** Munir úr eigu leikkonunnar verða boðnir upp í Las Vegas í lok júní.

## Selja slopp og pillubox

Munir úr eigu hinna látnu ofurstjarna Elvis Presley og Marilyn Monroe verða boðnir upp í Las Vegas í lok júní. Á meðal þeirra eru kvittanir fyrir áfengiskaupum frá Monroe og pillubox úr eigu Presley.

Einnig verður til sölu sloppur, sem sagður er síðasta flíkin sem Monroe klæddist áður en hún dó. Hefur hann verið verðlagður á sex þúsund dollara, eða um 750 þúsund krónur. Einnig verða til sölu tveir múrsteinar úr húsi Monroe í Kaliforníu og nokkrar ljósmyndir af leikkonunni goðsagnarkenndu.

# DIDRIKSONS 1913

KLÆÐIR ÞIG VEL!



**ÚTILÍF**

HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

**NÝTT Í BÍÓ** LAUGARÐS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

**17 AGAIN** ZACEFRON

BÍÓ	SÝNINGARTÍMAR
CORALINE 3D	kl. 4 og 6 L
NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 4, 6, 8 og 10 L
ANGELS & DEMONS	kl. 4, 7 og 10 14
17 AGAIN	kl. 8 og 10 L

**ÁLFABAKKA**

ADVENTURELAND	kl. 5:50 - 8 - 10:20	12
ADVENTURELAND	kl. 4 - 8 - 10:20	VIP
CORALINE 3D m/vsl. tali	kl. 3:40(3D) - 5:50(3D)	L
THE LAST HOUSE ON THE LEFT	kl. 5:50 - 8 - 10:20	16
HANNAH MONTANA	kl. 3:40 - 5:50 - 8	L
STAR TREK XI	kl. 5:50 - 8 - 10:30	10
NEW IN TOWN	kl. 8:10	L
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/vsl. tali	kl. 4	L
OBSERVE AND REPORT	kl. 10:20	16
17 AGAIN	kl. 3:40	L
I LOVE YOU MAN	kl. 10:20	12
MONSTERS VS ALIENS m/vsl. tali	kl. 3:40	L

**SELFÖSS**

HANNAH MONTANA	kl. 6 - 8	L
CRANK 2	kl. 10:20	16
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/vsl. tali	kl. 6	L
STAR TREK XI	kl. 8	10
THE BOAT THAT ROCKED	kl. 10:20	12

**AKUREYRI**

THE LAST HOUSE ON THE LEFT	kl. 8	16
STAR TREK XI	kl. 10	7
HANNA MONTANA	kl. 6	L
LET THE RIGHT ONE IN	kl. 8 - 10	16
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/vsl. tali	kl. 6	L

**KEFLAVÍK**

NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 5:50 - 8	L
X-MEN ORIGINS : WOLVERINE	kl. 5:50 - 10:10	14
NEW IN TOWN	kl. 8	L
THE UNBORN	kl. 10:10	16

**KRINGLUNNI**

ADVENTURELAND	kl. 5:50 - 8:20 - 10:30	12
CORALINE 3D m/vsl. tali	kl. 4(3D) - 6:10(3D)	L
CORALINE 3D m/ensku tali	kl. 8(3D) óleikub.	L
ÓVÍSUSÝNING	kl. 10:30	12
THE LAST HOUSE ON THE LEFT	kl. 8 - 10:20	16
HANNAH MONTANA	kl. 3:40	L
LOFTLEIÐIR	kl. 5:30 síð sýn	L
STÍGVÉLADI KÖTTURINN m/vsl. tali	kl. 3:40	L



**BJARTMAR OG HRAFNAR** Sungu saman lag Bjartmars sem fjallar um mann sem er á harðahlaupum frá framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bjartmar og Hrafnar á bísanum

**Landsmenn mega eiga von á Bjartmarslögum í sumar og Fréttablaðið greip Bjartmar glóðvolgan þar sem hann var að lauma sér í stúdíó með hljómveitinni Hrófnum.**

„Já, ég er á fullu í tónlistinni. Er með algera skáldaskitu núna. Er á meðan er. Það renna upp úr mér lögin og textarnir. Ég er í einhverjum gir. Og best að nýta það meðan er. Maður veit aldrei hvenær maður hrekkur í lága drifið, sjáðu til,“ segir Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmaður með meiru. Bjartmar fór í stúdíó í vikunni með hljómveitinni Hrófnum og tók upp glænýtt lag sem heitir

„Velkomin á bísann“. Að vera á bísanum þýðir einfaldlega að lifa á vinum sínum og samferðamönnum. Og á örugglega vel við nú. Fjallar um mann sem er á flóttu undan framtíðinni. Á harðahlaupum og er kominn langt burtu til baka. En Lómagnúpurinn hefur verið þarna í hundruð ára og stendur þetta allt af sér:

Bjartmar ber hljómveitinni Hrófnum, sem stendur á gömlum merg Papanna, vel söguna. „Alveg ferlega gaman að gera þetta með þeim. Ég hef unnið með þeim öllum áður einhvern tíma á ferlinum. Það er hollt góðum og gömlum vinum að koma saman og taka einhver lög.“ segir Bjartmar sem vinnur að því að taka upp lög sem spretta nú fram og upp eins og fíflar að vori á túnbletti. jakob@frettabladid.is

Ég sletti olíu á viðarkol og geng í kringum bálið enn einn hring. Með Anderson á öðrum fæti í huganum ég Aqualung-ið syng. Á flóttu undan framtíðinni sem færur toga burt eitthvað til baka. Aftur fyrir upphafið af týndum tíma er af nægu að taka.

**Kór:**  
Æ líttu ljúfan Lómagnúpinn tignarlegur af sandsléttunni rís hann þó þrotið sé nú þjóðarbúið, ástin mín æ velkomin á bísann.

**NÝTT Í BÍÓ!**

**SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 3:20 - 5:40 - 8	L
ANGELS & DEMONS	kl. 3:20 - 5:40	L
ANGELS & DEMONS LÚXUS	kl. 3 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50	14
X-MEN WOLVERINE	kl. 8 - 10:50	14
X-MEN WOLVERINE	kl. 3 - 5:40 - 8 - 10:20	14
MÓMINÁLFARNIR	kl. 3	L
GHOSTS OF GIRLFRIENDS PAST	kl. 10:15 FORSÝNING	L

**HÁSKÓLA BÍÓ** Sími 530 1919

NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
ANGELS & DEMONS	kl. 6 - 9	14
THE BOAT THAT ROCKED	kl. 6 - 9	12
X-MEN WOLVERINE	kl. 10	14
DRÁUMALANDIÐ	kl. 6 - 8	L

**RESNABÓGINN** Sími 551 9000 **750 kr.**

**ÓDÝRT Í BÍÓ!**

NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L
ANGELS & DEMONS	kl. 5:30 - 8:30	14
X-MEN WOLVERINE	kl. 5:40 - 8 - 10:20	14
BOAT THAT ROCKED	kl. 5:20 - 8	12
CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 10:40	16

**BORGAR BÍÓ** Sími 462 3500

NIGHT AT THE MUSEUM 2	kl. 6 - 8 - 10	L
ANGELS & DEMONS	kl. 6 - 9	14

FAERD 5% ENDURGEITTF PÓ BORGAR BÍÓDANNN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

**Litli Leikklúbburinn Ísafirði og Kómedíuleikhúsið kynna:**  
Alþýðleg leik- og söngskemmtun

# Við heimtum AUKAVINNU!

**Sýning í Gullhömrum Grafarholti**  
Föstudaginn 29. maí kl. 21:00 og  
Laugardaginn 30. maí kl. 20:00 og 22:00  
Miðasala í síma 618 8269 og við Innganginn - Miðaverð: 2.500 kr.

FM957

20 ÁRA AFMÆLISHRINGFERÐ FM957  
ELDHÚSPARTÝ OG MIDNÆTURDANSLEIKUR



# Zúuber GRÚBBAN

## HVÍTAHÚSIÐ SELFOSSI

4.JÚNÍ ZÚÚBER Á SVIDI ( ÁSAMT EINARI ÁGÚSTI )

5.JÚNÍ ZÚÚBER GRÚBBAN ( ÁSAMT DJ SVALA )

SÉRSTAKUR GESTUR BMW

FORSALA Í HVÍTAHÚSINU BÁÐA DAGANA FRÁ 14-16

TAL NOTENDUR FÁ 600.- KR AFSLÁTT AF MIÐA Í FORSÖLU.

VIÐ SKEMMTUM ÞÉR SUMARIÐ 2009

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á [WWW.FM957.IS](http://WWW.FM957.IS)

true

Íslensk  
hönnun

True línan er íslensk hönnun, fyrir konur í öllum stærðum. Í framleiðslu er farið eftir ströngustu gæðakröfum Evrópu. Hágæða efni eru notuð s.s. bómull og sérstök teygja sem heldur flíkinni lengur í sama formi. Litir sumarsins eru allt frá klassískum litum yfir í bjartari liti sumarsins.

KJÓLL  
5.999.-

PEYSA  
3.999.-

KJÓLL  
5.999.-

LEGGINGS  
1.999.-

LEGGINGS  
1.999.-

SKÓR  
5.990.-

KJÓLL  
5.999.-

KJÓLL  
3.999.-

KJÓLL  
5.999.-

LEGGINGS  
1.999.-

LEGGINGS  
1.699.-

SKÓR  
5.990.-

LOKAÐ  
31. MAÍ  
HVÍTASUNNU-  
DAG

24  
Hagkaup

OPIÐ  
ALLAN sólarhringinn  
Skeifan & Garðabær



# TRUE nýjar vörur







Í BANASTUÐI Steinþór Freyr átti enn einn stórleikinn fyrir Stjörnuna í gær. Stjarnan vann þrátt fyrir að vera manni færri. FRÉTTAHLAÐIÐ/ANTON

Tíu Stjörnumenn lögðu Fylki í Garðabæ:

## Sextán ára strákur stal senunni

**FÓTBOLTI** Sextán ára markvörður Stjörunnar, Davíð Guðjónsson, stal senunni í leik Stjörunnar og Fylkis í gær. Davíð kom óvænt inn á eftir aðeins tíu mínútur þegar Kjartan Ólafsson var rekinn út af með rautt spjald og stóð sig fráþærlega í eftirminnilegum sigri nýliðanna.

Stjörnumenn skoruðu sigurmarkið manni færri, ógnuðu Fylkis mönnum allan leikinn og unnu 2-1 – sinn fjórða sigur í fyrstu fimm umferðum Pepsi-deildarinnar.

Stjörnumenn höfðu mikið fyrir því að fá Kjartan Ólafsson í markið fyrir leikinn og það var því grátbroslegt þegar hann þurfti að yfirgefa völlinn með rautt spjald eftir aðeins níu mínútna leik. Kjartan lenti þá í svipaðri stöðu og Bjarni Þórðarson Halldórsson á móti FH í síðasta leik og niðurstaðan var sú sama – víti og rautt spjald.

Bjarni Jóhannsson þurfti því að senda sextán ára strák í markið í sínum fyrsta meistaraflökksleik. Davíð Guðjónsson fór í vitlaust horn í vítinu en honum óx síðan ásmegin eftir það. Það var ekki nóg með að hann kæmi inn á óundirbúinn og við erfiðar aðstæður heldur þurfti hann einnig að standa í marki á móti vindinum allan fyrri hálfleikinn.

„Ég var að deyja úr stressi en ég reyndi bara að hugsa um leikinn og einbeita mér að honum,“ sagði Davíð eftir leikinn og þjálfarinn Bjarni Jóhannsson gat ekki annað en dáðst að drengnum eins og allir stuðningsmenn Stjörunnar sem kölluðu látaust: „Dabbi kóngur“ á áhorfendapöllumunum.

„Þessi innákoma Davíðs kom öllum á óvart og honum sennilega mest sjálfum. Ég held að það hafi

varla runnið í honum blóðið því hann var allavega föstur í framan þegar hann fór inn á völlinn,“ sagði Bjarni í léttum tón og hann var stoltur af liði sínu.

„Liðið brást ótrúlega rétt við þessu og við erum með dugnaðarstráka sem eru spenntir fyrir því að vera í úrvalsdeild þar sem þeir hafa fæstir verið áður. Við vorum fljótir að finna taktinn í varnarleiknum og tókst líka um leið að ógna marki þeirra. Þetta var alveg magnaður sigur,“ sagði Bjarni.

„Við áttum að gera betur í dag. Við töpuðum þessum leik ekki út af gervigrasinu heldur töpuðum við honum út af okkar hugarfari. Það eru margir ungir strákar í liðinu og það tekur tíma að ná upp stöðugleika í liðinu,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, sem dáðist líka að Davíð.

„Ég skil ekki af hverju þeir voru að kaupa sér markmann þegar þeir voru með þennan fína varamarkmann. Hann varði eins og skepna og hélt þeim á floti. Þeir voru bara að kasta peningunum en það góða við þetta var að Fylkir fékk 35 þúsund fyrir hinn markmanninn,“ sagði Ólafur.

Steinþór Freyr Þorsteinsson var allt í öllu í sóknaraðgerðum Stjörnumanna og duglegur að stríða stöðum varnarmönnum Fylkis sem gekk síðan einnig illa að verjast stórhættulegum föstum leikatriðum Garðabæjarliðsins. Steinþór skoraði fyrra markið og lagði síðan það seinna upp auk þess að búa til mun fleiri góð færi fyrir félagi sína. Davíð var maður leiksins, Daníel Laxdal fyrirliði var baráttumaður leiksins en Steinþór var besti maður vallarins.

www.ellingsen.is

# HAGSTÆÐ GISTING í Montana-tjaldvagni

Með fortjaldi og yfirbreiðslu **890.000 kr.**

**MONTANA**

### Tækniupplýsingar

Heildarlengd .....	3,3 m
Heildarbreidd .....	1,6 m
Lengd að innan .....	2,4 m
Hæð að innan .....	1,9 m minnsta hæð
Breidd að innan .....	1,9 m
Eigin þyngd .....	270 kg
Heildarþyngd .....	395 kg
Burðargeta .....	125 kg
Þykkt á veggjum ..	Tjaldúkur: Ten Cate 280 gr/m <sup>2</sup>
Þykkt á gólfi .....	Tjaldúkur: Ten Cate 320 gr/m <sup>2</sup>
Dekkjastærð .....	13 tommur

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is  
Opíð mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

– fullt hús ævintýra

TÉVA REKJAVÍK / SÍA / 0094237

	2-1	FYLKIR										
<p><b>STJARNAN</b></p> <p>1-0 Steinþór Þorsteinsson (5.) 1-1 Valur F. Gíslason, víti (11.) 2-1 Björn Pálsson (34.) Stjörnuvöllur, áhorf.: 738 Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson (7)</p> <p><b>TÖLFRÆÐIN</b></p> <table border="1" style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr> <td>Skot (á mark)</td> <td>17–8 (9–4)</td> </tr> <tr> <td>Varin sk. Kjartan Ó (Davíð 4) – Fjalur 7</td> <td></td> </tr> <tr> <td>Horn</td> <td>8–6</td> </tr> <tr> <td>Aukaspyrnur fengnar</td> <td>17–10</td> </tr> <tr> <td>Rangstöður</td> <td>0–8</td> </tr> </table>	Skot (á mark)	17–8 (9–4)	Varin sk. Kjartan Ó (Davíð 4) – Fjalur 7		Horn	8–6	Aukaspyrnur fengnar	17–10	Rangstöður	0–8	<p><b>Stjarnan 4–5–1</b> Kjartan Ólafsson - Guðni R. Helgason 7, Tryggvi Bjarnason 7, Daníel Laxdal 8, Hafsteinn R. Helgason 7 - Steinþór Þorsteinsson 8, Jóhann Laxdal - (10., Davíð Guðjónsson 8 ML), Birgir Birgisson 7 (83., Andri Sigurjónsson -), Björn Pálsson 7, Halldór Björnsson 6 - Þorvaldur Árnason 6 (90., Bjarki Páll Eysteinnsson -).</p> <p><b>Fylkir 4–3–3</b> Fjalur Þorgeirsson 6 - Andrés Már Jóhannesson 6, Kristján Valdimarsson 5, Einar Pétursson 5, Tómas Þorsteinsson 3 (46., Þórir Hannesson 5) - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 4 (64., Ólafur Stígsson 5), Valur Fannar Gíslason 5, Halldór Hillmisson 4 - Ingmundur Óskarsson 4, Pape Faye 3 (46., Kjartan Baldvinsson 5), Kjartan Á. Breiðdal 6.</p>	
Skot (á mark)	17–8 (9–4)											
Varin sk. Kjartan Ó (Davíð 4) – Fjalur 7												
Horn	8–6											
Aukaspyrnur fengnar	17–10											
Rangstöður	0–8											



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Total Wipeout

Einn allra stærsti og óvæntasti smellurinn í íslensku sjónvarpi á liðnum vetri er skemmtiþátturinn Wipeout. Hér er á ferð ómengið skemmtun, gamall og góður buslugangur með nýju tvísti sem ekki nokkur maður getur staðist. Þetta er breska útgáfan og sjórnaðinn er enginn annar en Richard Hammond, sá ungi og hressi í Top Gear.



► VIÐ MÆLUM MED **Auddi og Sveppi Stöð 2 kl. 19.15**

Strákarnir skelltu sér í íslensku óperuna og trufluðu leiksýninguna Fúlar á móti. Leikkonur verksins, þær Edda Björgvins, Helga Braga og Björk Jakobs, verða gestir þeirra í þættinum í kvöld. Einnig verður fallegasta fegurðardrottning Íslands verðlaunuð og sýnt frá því þegar Auddi og Sveppi fríkuðu út í London og stríddu nokkrum Bretum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfregni
- 06.50 Bæn
- 07.03 Auðlindin
- 07.10 Morgunvaktin heldur áfram
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.11 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Óskastundin
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregni
- 10.13 Sagnaslóð
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregni
- 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Tónleikur
- 15.03 Útlitssagan: Saga af bláu sumri
- 15.30 Stofukonsert
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfregni
- 16.13 Trompetmeistarar sveiflunnar
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Spegillinn
- 18.50 Dánarfregni
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stjörnuvíkingur
- 21.10 Flakk
- 22.07 Veðurfregni
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Litla flugan
- 23.00 Kvöldgestir
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlit Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.45 Hollyoaks (199:260)
- 17.15 Hollyoaks (200:260)
- 17.40 The Sopranos (14:26)
- 18.30 Lucky Louie (10:13)
- 19.00 Hollyoaks (199:260)
- 19.30 Hollyoaks (200:260)
- 20.00 The Sopranos (14:26) Fjölskyldu- maðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano hefur átt mikilli velgengi að fagna.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 22.00 The Mentalist (16:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlög- reglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.
- 22.45 Twenty Four (18:24) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálf- sögðu sá eini sem er fær um að bjarga mál- unum.
- 23.30 Auddi og Sveppi Auddi og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
- 00.00 Lucky Louie (10:13) Bráðskemmti- legir gamanþættir um draumórannsóknir Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.
- 00.30 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnrir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnur- ar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmynda- áhugamenn.
- 01.00 Fréttir Stöðvar 2
- 02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.15 Dalziel and Pascoe 11.05 Dalziel and Pascoe 11.55 My Hero 12.25 The Weakest Link 13.10 EastEnders 13.40 My Hero 14.10 After You've Gone 14.40 The Weakest Link 15.25 Dalziel and Pascoe 16.15 Dalziel and Pascoe 17.05 Any Dream Will Do 18.10 My Hero 18.40 My Hero 19.10 Jekyll 20.00 Jonathan Creek 20.50 Dalziel and Pascoe 21.40 Dalziel and Pascoe 22.30 Jekyll 23.20 My Hero 23.50 My Hero

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Jersild Live 10.35 Mød EU-kandidaterne 10.50 Aftenshowet 11.05 Aftenshowet med Vejret 11.30 Søren Ryge præsenterer 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 Boogie Listen 15.00 Amigo 15.30 Sigurds Bjørnetime 16.00 Historier fra Danmark 16.15 Mød EU-kandidaterne 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Kim Larsen på tur 19.00 TV Avisen 19.30 Gigli 21.30 Ryggen med muren 23.00 Boogie Mix

NRK1

10.00 NRK nyheter 10.10 FBI ekstra 10.30 Kystlandskap i fugleperspektiv 10.40 En dannelses- reise i seks akter 11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Ansikt til ansikt 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 I sørhellinga 13.00 NRK nyheter 13.05 Jessica Fletcher 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Sommerhuset 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Ugleskogen 16.10 Mamma Mirabelle viser film 16.25 Tøfféruð 16.35 Herr Hikke 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Halvdan med breibånd 18.50 Riksarkivet 19.20 Lewis 20.50 Du skal høre mye ... mer 21.00 Kveldsnytt 21.15 Hotell Babylon 22.05 Johnny Cash at Folsom Prison 23.05 Trygdekantorene 23.35 Country jukeboks m/chat

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Rosenborgs slott och Kristian IV 10.50 Namnam med Noman 11.20 Jan och havsörnen 11.35 Griniga gubbar 13.00 Babben & co 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Niklas mat 15.25 Mitt i naturen 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Strömsö 16.55 Anslagstavlan 17.00 Kulturyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Pistvakt 18.30 Sjukan 19.00 Hitch. Din guide till en lyckad date 20.55 Kulturyheterna 21.10 Kärlek & fördom 23.00 Sändningar från SVT24

Fyrirverandi starfsmenn SPRON boðnir velkomnir til starfa hjá Byr sparisjóði

Ylfa Proppé Einarsdóttir, nýr þjónustustjóri í Byr Hraunbæ

Anna Ásta Khan Hjartardóttir, nýr ráðgjafi í Byr Borgartúni

Dagrún Deirdre Georgsdóttir, nýr gjaldkeri í Byr Garðabæ

Hjördís Þorsteinsdóttir, nýr ráðgjafi í Byr Kópavogi

Gréta Kjartansdóttir, nýr ráðgjafi í Byr Borgartúni

Jónína Pálsdóttir, nýr gjaldkeri í Byr Hraunbæ

Fáðu persónulega þjónustu

Anna, Dagrún, Gréta, Hjördís, Jónína og Ylfa taka vel á móti þér. Þær eru hluti af öflugri 230 starfsmanna liðsheild sem kappkostar að veita þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf.



Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum

Lausnir með fjárhagslegri heilsu

Fjármálanámskeið á mannamáli • Stöðumatið mitt og Heimilisbókhalda • Fjármálaþróf • Heilsupróf og ráðgjöf • Lenging lána • Greiðslujöfnun húsnæðislána • Fyrirframgreiðsla Lífsvals • Frysting erlendra lána • Niðurgreiðsla lána





# OUTLET CENTER

FAXAFENI 8

OPIÐ 12-17  
SUNNUDAG OG  
MÁNUDAGA

# ÓTRÚLEG VERÐ

- BARNASOKKAR ..... 99- KR.
- BARNASAMFELLUR ..... 399- KR.
- SOKKABUXUR ..... 499- KR.
- BOLIR MIKIÐ ÚRVAL, VERÐ FRÁ ..... 499- KR.
- GALLABUXUR MIKIÐ ÚRVAL,  
ÝMIS ÞEKKT MERKI VERÐ FRÁ ..... 1.990- KR.

Tekk garðborð,  
stækkanlegt 170-210 cm x 100 cm

AÐEINS 39.999,-



**KLINKID**  
LÁGVÖRUMARKAÐUR

“CADDY”

Frábær hyrsla, 600 hlutir fylgja með  
Naglar, skrúfur, rær, tappar ofl.

...ótrúleg verð



Ál grillbakkar 5 í pakka Aðeins 149,-

“Chicco”

Regnhlífarkerra  
Poki og plast fylgir  
Fæst í bláu, appelsínugulu  
og mosagrænu.  
Fá eintök eftir.

9.999,-



Barna- og unglingsföt  
Strákaskyrtur 499 - 999,-  
Pils 999,- Kjólar 1.499,-  
Gallabuxur 999,- 1.499,-  
Kvartbuxur 999,- 1.499,-  
Húfur 499,-

999,-



Blómáttar  
nokkrar tegundir frá 99,-



KOMDU, SJÁÐU OG SPÁÐU Í VERÐIÐ...

FAXAFEN 8 OUTLET CENTER

Sími: 5684892

Opnunartímar Mánud. til Laugard. 10 - 18 Sunnudaga 12 - 17

klinkid@klinkid.is

Signatures Of Nature  
ENDORCED FOR YOU

OUTLET CENTER | FAXAFENI 8

534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is DREIFING: dreifing@posthusid.is Vefvang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



## Hvar er þín auglýsing?

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18-49 ára.  
Könnun Capacent í febrúar 2009 – apríl 2009.



**BAKÞANKAR**  
Bergsteins  
Sigurðssonar

## Svefnrof


Einhvern tímann seint á 20. öldinni (geri ég ráð fyrir) datt einhverjum velmeinandi verkfræðingi – eða óforbetranlegu lettblóði – í hug að „betrumbæta“ vekjarklukkur með því að koma fyrir á þeim svonefndum dormhnappi (e. snooze button). Þótt þessari nýjung hafi verið tekið fagnandi felur hún í sér dulda en rækilega lífsgæðaskerðingu. Sá sem dormar er ekki vakandi og ekki sofandi; hvorki hvílist né starfar eða vex vit, heldur liggur svefntruksinn eins og þvara með háflukt augu og hugsar ekki um annað en hversu margar mínútur eru þangað til klukkan gellur aftur. Þá er betra – að ekki sé minnst á ærlegra – að sofa bara almennilega yfir sig upp á gamla mátann.

**HVERSU MARGAR** gæðastundir ætli fari í súginn af þessum völdum? Hversu margar góðar hugmyndir sem lýstur niður í höfuð okkur tynast í svefnþökunni? Hversu mikil verðmæti, andleg og veraldleg, verða ekki til? Hversu mörg andartök til að staldra við og njóta tilverunnar fara til spillis? Hversu mörgum stundum við morgunverðarborðið missum við af eða nærandi samræðum við þá sem við elskum, þessum hversdagslegu augnablikum sem gera lífið einhvers virði?

**NÚ MÁ VERA** að einhverjum þyki fulldjúpt tekið í árinna, það sé engin frágangssök að fresta fótaferðartímanum um nokkrar mínútur á hverjum morgni. En það er öðru nær. Sá sem dormar í fimm mínútur alla virka daga ársins – og þeir eru svo sannarlega til – dormar í tæpan sólarhring á ári. Á Íslandi eru um það bil 267 þúsund manns á vinnumarkaði og við nám í grunn-, framhalds- og háskólum landsins. Ef helmingur þeirra dormar að meðaltali í fimm mínútur á hverjum virkum degi, sem er varlega áætlað, gerir það um 130.000 sólarhringa á ári. Með öðrum orðum dorma Íslendingar samanlagt í um 356 ár á hverju ári. Það er ígildi þess að við höfum legið í móki frá árinu 1653!

**ÞETTA** eru óhugnanlegar tölur. Dormið er skaðvaldur; kerfisbundin innleiðing frestunaráráttu í morgunsárið sem eitrar út frá sér allan daginn. Með því að ýta á dormhnappinn er stefnan mörkuð; þetta verður dagur tafa, hiks og hálfkaks; dagur hinna óþvegna nærfata, frestuðu þingfunda og ósögðu ástarjárnninga. Dormhnappurinn er yfirlýsing um að lífið geti beðið betri tíma; þegar veröldin slær á þráðinn svarar kuldaleg rödd sem segir: „Þú ert númer fimm í röðinni.“

**SAGTER** að siðrof hafi orðið í samfélaginu. Er þá ekki mál til komið að nú verði svefnrof?



**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er föstudagurinn 29. maí,  
149. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	3.31	13.25	23.22
Akureyri	2.45	13.10	23.38

Heimild: Almanak Háskólans

## Úthýstu vandræðunum og settu tölvu-, net- og símkerfið í Vist

- Afritun gagna, þjónusta og vöktun allan sólarhringinn
- Fastar og fyrirsjáanlegar mánaðargreiðslur auka hagræði
- Fagleg ráðgjöf við skipulagningu fjarskipta- og upplýsingatækni fyrirtækisins
- Öll þjónusta við síma, net og tölvukerfi hjá einum og sama aðila

Komdu með öll kerfi fyrirtækisins í Vist og losaðu þig um leið við áhyggjur og óþarfa kostnað.

800 4000 • siminn.is

Það er **Síminn**



**[SPARAÐU]**  
TÍMA OG FJÁRMUNI Í VIST